

## ÁVARP FORMANNS

Loksins náði A landslið þeim merka áfanga að vinna sér sæti í lokakeppni stórmóts í knattspyrnu. Það var ekki A landslið karla eins og svo marga hefur dreymt um heldur A landslið kvenna sem sló í gegn og vann sér sæti í úrslitakeppni Evrópumótsins sem fram fer í Finnlandi í lok ágúst og byrjun september 2009. KSÍ hefur á undanförunum árum sótt fram á vettvangi landsliða kvenna og fylgt eftir stórauknum áhuga og þátttöku stúlkna í knattspyrnu. Aðildarfélögin hafa fundið fyrir þessum áhuga og lagt grunninn að þessum frábæra árangri með skipulagðri uppbyggingu eins og lengi hefur verið til staðar fyrir drengi. A landslið kvenna hefur unnið hug og hjórtu Íslendinga með glæsilegri framgöngu innan sem utan vallar og hróður knattspyrnunnar hefur vaxið. Nú er það verkefni knattspyrnuhreyfingarinnar að fylgja þessum árangri eftir og auka enn þátttöku stúlkna í knattspyrnu.

A landslið karla hóf leik í undankeppni HM 2010 og náði 4 stigum í 4 leikjum. Liðið er í 2.-3. sæti í sínum riðli, á eftir 4 leiki til viðbótar sem fram fara á árinu 2009 og er því í slagnum um 2. sætið. Ótvíræð batamerki eru á leik liðsins frá undankeppni EM 2008 og með góðri frammistöðu getur liðið náð 2. sæti, sem getur gefið rétt á þátttöku í umspili um sæti í úrslitakeppni HM 2010. Í Evrópu eru 9 riðlar í undankeppni HM 2010 sem gefa 13 sæti í úrslitakeppninni í S-Afríku. Sigurvegarar riðlanna 9 fá þar sæti auk þeirra fjögurra þjóða sem hafa betur í umspilsleikjum sem fram fara í nóvember 2009. Þetta þýðir að 8 af þeim 9 þjóðum sem lenda í 2. sæti í undankeppninni komast í umspil samkvæmt sérstökum reglum þar um.

Aldrei fyrr í sögu KSÍ hefur Ísland leikið jafnmarga landsleiki og á árinu 2008, eða alls 65. Karlalandsliðin léku 35 leiki en kvennalandsliðin 30 leiki. Yngri landsliðin áttu misjöfnu láni að fagna á árinu, en þau eru sem fyrr mikilvægur undirbúningur og reynsla fyrir landsliðsmenn framtíðarinnar. Það sýnir vel umfang starfsins að í yngri landsliðum karla léku 100 leikmenn í leikjum ársins (alls 5 lið), en í yngri landsliðum kvenna léku 56 leikmenn í leikjum ársins (alls 3 lið). Það er mikilvægt að standa vel að þessu starfi og hlúa vel að ungum og efnilegum leikmönnum. Það er eitt af meginmarkmiðum Knattspyrnusambands Evrópu (UEFA) og Alþjóða Knattspyrnusambandsins (FIFA) að takmarka verulega félagaskipti leikmanna yngri en 18 ára á milli landa, þannig að sporna megi við þeirra þróun að ungir leikmenn hverfi of fljótt frá upplifingum sínum út í mikla óvissu og slæman aðbúnað, oft án þess að eðlilegar bætur komi til.

Kjarninn í starfsemi KSÍ er mótahald og fræðslustarf og sem fyrr voru verkefni ársins mörg. Fyrst ber að telja viðamiklar breytingar á mótahaldi í meistaraflokki. Landsbankadeild karla og 2. deild karla voru báðar í fyrsta sinn skipaðar 12 liðum eins og 1. deild karla, auk þess sem Landsbankadeild kvenna var í fyrsta sinn skipuð 10 liðum. Liðin í Landsbankadeild karla hófu leik í 32 liða úrslitum VISA-bikarsins og gátu þar dregist hvert gegn öðru í fyrsta sinn. Í 2. flokki karla léku 10 lið í stað 8 áður í A og B deild. Allar þessar breytingar gáfust vel og munu auka á vinsældir knattspyrnuþróttarinnar á Íslandi. Þess sáust víða merki og fleiri leikir leiddu af sér meiri heildarfjölda áhorfenda, meiri umfjöllun fjölmiðla og fleiri beinar útsendingar í sjónvarpi. Gleði sigurvegaranna var mikil að vanda. FH sýndi mikinn styrk á lokaspretti Íslandsmóts meistaraflokks karla og stóð uppi sem sigurvegari í 4. sinn á síðastliðnum 5 árum, Valur var áfram með sterkt lið og varð Íslandsmeistari í meistaraflokki kvenna 3. árið í röð, en KR varð bikarmeistari bæði í meistaraflokki karla og kvenna.

Fræðslustarfið var umfangsmikið á árinu eins og meðþátttaka í þjálfaranámskeiðum ber glöggvitni um. Mikilvægum áfanga var náð þegar KSÍ gerði samkomulag við Knattspyrnusamband Englands um samstarf vegna svokallaðrar Pro-gráðu, en það er æðsta stig þjálfunarmenntunar. Samstarfið felst í því að KSÍ stendur til boða að senda árlega tvo þjálfara á Pro-námskeið enska knattspyrnusambandsins þar sem KSÍ býður ekki upp á slíkt námskeið. Þetta gerðist í kjölfar þess að fræðslustjóri KSÍ sótti þetta námskeið og lauk því með sóma. Knattspyrnusamband Evrópu hefur lagt blessun sína yfir þetta fyrirkomulag og munu íslenskir þjálfarar sem ljúka þessu námskeiði fá UEFA-viðurkenningu á Pro-gráðunni. Fræðsla dómara var stóraukin í samræmi við kröfur dómarasáttmála UEFA. KSÍ hefur nú fengið staðfestingu á inngöngu í sáttmálann sem er mikilvæg viðurkenning á starfi KSÍ á vettvangi dómaramála. Það var einnig mikilvæg viðurkenning fyrir íslenska dómara að eignast fulltrúa í efsta styrkleikaflokki innan UEFA og því hafa fylgt ný og spennandi verkefni á erlendum vettvangi.

Allt er í heiminum fallvallt. Enginn sá fyrir þær miklu breytingar sem urðu til hins verra í íslensku efnahagslífi sl. haust. Það var lán í óláni að þessar miklu sviptingar urðu við lok síðasta keppnistímabils og því hefur knattspyrnuhreyfingin haft tíma og ráðrúm til þess að takast á við ný og mun lakari rekstrarskilyrði íþróttafélaga en áður var. Tekjur aðildarfélaga munu minnka og því nauðsynlegt að útgjöldin minnki. KSÍ hefur lagt sitt af mörkum og aukið framlög til aðildarfélaga, sem vonandi hjálpar til á erfiðum tímum. Saman munum við standa vörð um knattspyrnustarfið og horfa með bjartsýni fram á veginn.

Stjórn KSÍ þakkar aðildarfélögum sínum fyrir gott knattspyrnustarf á árinu. Samstarf forystumanna félaganna og KSÍ hefur verið farsælt og til fyrirmyndar. Á árinu funduðu stjórn KSÍ og einstaka stjórnarmenn sambandsins víða um land með aðildarfélögum en slíkt fyrirkomulag skapar meiri nálægð við félögin og mismunandi áherslur koma betur fram. Ætlunin er að halda áfram á sömu braut og sækja aðildarfélög heim eins og kostur er.

Stjórn KSÍ þakkar einnig öllum þeim sem lagt hafa knattspyrnunnari lið á árinu, s.s. nefndarmönnum, sjálfbóðaliðum, stuðningsmönnum, samstarfsaðilum, fjölmiðlum og starfsmönnum hreyfingarinnar, og síðast en ekki síst öllum þeim fjölda iðkenda sem skemmta sér við að leika knattspyrnu alla daga ársins.

*Geir Þorsteinsson, formaður KSÍ*

## STJÓRN KSÍ

62. ársþing KSÍ var haldið á Laugardalsvelli 9. febrúar 2008. Þar sem Halldór B. Jónsson varaformaður KSÍ til margra ára lét af störfum í stjórninni vegna veikinda ákvað stjórn KSÍ að fram færi kosning um sæti hans til eins árs. Þórarinn Gunnarsson hafði þegar boðið sig fram og var hann sjálfkjörinn. Sæti Þórarins í varastjórn tók Sigvaldi Einarsson. Var stjórnin þannig skipuð að loknu ársþingi:

- Geir Þorsteinsson, formaður
- Lúðvík S. Georgsson, varaformaður
- Guðrún Inga Sívertsen, gjaldkeri
- Jón Gunnlaugsson, ritari
- Ingibjörg Hinriksdóttir
- Rúnar V. Arnarson
- Stefán Geir Þórisson
- Vignir Þormóðsson
- Þórarinn Gunnarsson

Varamenn voru Jóhannes Ólafsson, Kjartan Daníelsson og Sigvaldi Einarsson. Fulltrúar landshluta í stjórn voru Jakob Skúlason (Vesturland), Björn Friðþjófsson (Norðurland), Guðmundur Ingvarsson (Austurland) og Einar Friðþjófsson (Suðurland). Varafulltrúar landshluta voru Jón Páll Hreinsson (Vesturland), Ómar Bragi Stefáns-son (Norðurland), Valdemar Einarsson (Austurland) og Einar Jónsson (Suðurland).

Stjórn KSÍ hélt 19 bókaða fundi á árinu (milli ársþinga).

## STARFSFÓLK KSÍ

Einn nýr starfsmaður var ráðinn til KSÍ árið 2008 - Dagur Sveinn Dagbjartsson hóf störf í janúar 2008 og starfar að fræðslumálum.

Starfsfólk KSÍ 2008:

- Þórir Hákonarson, framkvæmdastjóri
- Birkir Sveinsson, mótastjóri
- Dagur Sv. Dagbjartsson, fræðslumál
- Guðlaugur Gunnarsson, mótamál
- Gunnar Gylfason, landsliðsmál
- Jóhann Kristinsson, vallarstjóri
- Klara Bjartmarz, skrifstofustjóri

- Kristinn V. Jóhannsson, vallarstarfsm.
- Luka Kostic, hæfileikamótun
- Magnús Már Jónsson, dómara- og markaðsstjóri
- Margrét Elfasdóttir, ritari
- Ómar Smáráson, leyfis- og markaðsstjóri
- Pálmi Jónsson, fjármálastjóri
- Ragnheiður Elfasdóttir, ritari
- Sigurður R. Eyjólfsson, fræðslustjóri
- Þorvaldur Ingimundarson, mótamál

## GOTT KNATTSPYRNUÁR

A landslið kvenna stal svo sannarlega senunni á árinu. Aðsókn að heimalandsleikjum kvennalandsliðsins hefur verið frábær. Stelpurnar okkar hafa náð að hrífa þjóðina með sér og stuðningsmenn hafa streymt á völlinn. Aldrei áður hefur íslenskt A landslið komist í úrslitakeppni EM og langþráður draumur knattspyrnuáhugafólks hér á landi hefur ræst. Ísland leikur á EM í Finnlandi 2009!

Góður stígandi hefur verið í leik A landsliðs karla á árinu og greinilegt að leikmenn og þjálfarar eru á réttri leið. Riðillinn í undankeppni HM 2010 er opinn og spennandi og ljóst að Ísland getur látið mikið að sér kveða.

Aldrei hafa landslið Íslands í knattspyrnu leikið fleiri landsleiki en á nýliðnu ári. Alls léku átta landslið Íslands í karla- og kvennaflokkum 65 leiki.

Fjölgun liða í Landsbankadeildum karla og kvenna hafði mikil og jákvæð áhrif. Ekki hafa verið skorud jafn mörg mörk að meðaltali í leikjum Landsbankadeildar karla síðan árið 1995. Meðaltali skoraðra marka í leik fækkaði eilítið í Landsbankadeild kvenna, en jafnir og spennandi leikir voru mun fleiri. Aðsókn að leikjum var góð, umfjöllun umfangsmikil og ítarleg og mótin voru spennandi allt til loka. Áhuginn á íslenskri knattspyrnu hefur sennilega aldrei verið meiri, ekki síst í sjónvarpi, enda

hafa aldrei verið sýndir jafn margir leikir í beinni útsendingu sjónvarps.

FH-ingar endurheimtu Íslandsmeistaratitilinn eftir æsispennandi endaspött í Landsbankadeild karla og Valur sigraði í Landsbankadeild kvenna þriðja árið í röð. Bæði þessi lið urðu þar með Íslandsmeistarar í fjórða sinn á fimm árum. KR-ingar hrósuðu tvöföldum sigri í VISA-bikarnum, unnu bæði í karla- og kvennaflokki.

Meðalaðsókn að leikjum Landsbankadeildar karla var sú næst besta frá upphafi. Að meðaltali voru áhorfendur 1.106 á hverjum leik, þannig að alls sáu 145.954 manns leikina 132.

Frá árinu 2006, þegar landsdeildir karla voru með 10 liðum og Landsbankadeild kvenna með 8 liðum, hefur leikjum þessara móta fjölgað um 49%, þ.e. úr 326 leikjum 2006 í 486 leiki 2008. Þetta þýðir auðvitað gríðarlega aukningu verkefna í kringum leikina, ekki síst í dómara- og fleiri dómaramálum á síðustu tveimur árum, aukin menntun dómara, öflugri undirbúningur og fleiri dómaramálum.

Kristinn Jakobsson milliríkja- dómari náði lengra á árinu 2008 en nokkur annar íslenskur dómari hefur áður gert. Hann er kominn í efsta styrkleikaflokk dómara hjá UEFA, var valinn til að starfa í úrslitakeppni EM 2008 í Austurríki og Sviss sem fjórði dómari, og dæmdi leik í Meistaradeild UEFA. Bryndís Sigurðardóttir komst á FIFA-dómaramálistann, fyrst íslenskra kvenna.

Árið 2008 var gott knattspyrnuár!

## MÓTIN 2008

Árið 2008 léku í fyrsta sinn 12 lið í Landsbankadeild karla og gaf það góða raun, enda var áhugi á deildinni mjög mikill – ítarleg og góð umfjöllun fjölmiðla og góð aðsókn áhorfenda. Að sama skapi reyndist fjölgun liða í Landsbankadeild kvenna auka fjölda jafnra og spennandi leikja og þar með áhuga almennings og fjölmiðla. Bilið milli betri og veikari liða virðist vera að minnka.

### FYRSTU FUTSAL MEISTARARNIR

Futsal-innanhússknattspyrna hóf innreið sína á Íslandi og var í fyrsta sinn leikið skv. þessum alþjóðlegu reglum. Valsmenn hrósuðu sigri í karlaflokki í þessu fyrsta Íslandsmóti í Futsal og Breiðablik í kvennaflokki. Valur þurfti reyndar að leika tvo úrslitaleiki - fyrst mættu þeir Eyjamönnum, sem reyndust hafa haft á ólöglegu liði að skipa og því átti Víðir rétt á sæti í úrslitaleiknum gegn Val. Sjálf úrslitakeppnin fór fram í janúar, en “seinni” úrslitaleikurinn var leikinn í mars. Valsmenn unnu “báða úrslitaleikina”.

### LENGJUBIKARINN

Deildarbikarkeppni karla og kvenna hófst 1996 og fór því fram í 12. sinn. Frá og með árinu 2007 hefur keppnin borið heitið Lengjubikarinn, skv. samstarfssamningi KSÍ og Íslenskra getrauna. Að venju var leikið að mestu í knattspyrnuhúsum (Akraneshöll, Boganum, Egilshöll, Fífunni og Reykjaneshöll), en einnig var leikið utandyra þegar fór að vora.

Valsmenn tryggðu sér Lengjubikar-meistaratitil karla í fyrsta sinn með því að sigra Framara með fjórum

mörkum gegn einu í framlengdum úrslitaleik A-deildar, sem leikinn var í knattspyrnuhúsinu Kórnum. KR varð Lengjubikarmeistari í A-deild kvenna í fjórða sinn með öruggum 4-0 sigri á Val í úrslitaleik í Egilshöll.

### HÉRAÐSMÓT

ÍR-ingar hrósuðu sigri í Reykjavíkurmóti mfl. karla eftir sigur á Fram í úrslitaleik. Sigurmarkið kom í uppbótartíma og var þetta í fyrsta sinn sem ÍR vinnur þennan titil. Valur varð Reykjavíkarmeistari í kvennaflokki eftir sigur á KR í síðasta leik sínum, í nánast hreinum úrslitaleik um sigur í mótinu.

Norðurlandsmót Powerade var æsispennandi í ár og skildi markamismunur að þrjú efstu liðin. KA, Þór og KS/Leiftur voru öll með jafn mörg stig í lok móts, en markatala KA var hagstæðust og munaði þar mestu um 11-0 sigur á Völsungi. Allir leikir mótsins fóru fram í knattspyrnuhúsinu Boganum á Akureyri.

Fleiri lið tóku nú þátt í Faxaflóamóti mfl. kvenna en áður og var þátttökuliðunum skipt í tvo riðla, efri og neðri. Breiðablik hrósaði sigri í efri riðlinum og þar með í mótinu, sem fram fór í fjórða sinn. Blikastúlkur hafa unnið sigur í mótinu öll fjögur árin.

### MEISTARAKEPPNI KSÍ

Meistarakeppni KSÍ, viðureign Íslandsmeistara og bikarmeistara, fór nú fram í 6. sinn frá því hún var endurvakin árið 2003 og fór hún þá fram í fyrsta skipti síðan 1998. Valsmenn, sem urðu Íslandsmeistarar bæði í karla- og kvennaflokki 2007, voru sigursælir í Meistarakeppninni að þessi sinni.

Í Meistarakeppni karla unnu Valsmenn FH-inga 2-1. Leikurinn fór fram í Kórnum í Kópavogi. Valur lagði KR með tveimur mörkum gegn einu í Meistarakeppni kvenna, en liðin mættust í Kórnum. Þetta var í fjórða sinn á síðustu fimm árum sem Valur hampar sigri í þessum leik.

### VALSMÖNNUM SPÁÐ ÖÐRUM TITLI Í RÖÐ

Á hinum árlega kynningarfundi Landsbankadeildar karla, sem fram fór í Smáralind, spáðu fulltrúar félaganna um lokastöðu liðanna í deildinni. Samkvæmt spánni áttu Íslandsmeistarar Vals að vinna annan sigur sinn í röð, nokkuð örugglega. Nýliðum Fjölnis var spáð falli, sem og Grindavík sem sneri aftur í deildina eftir eins árs viðkomu í 1. deild. Hefði spáin gengið eftir hefði röð liða verið þannig að móti loknu:

Röð	Félag	Stig
1.	Valur	405
2.	FH	362
3.	KR	343
4.	ÍA	323
5.	Breiðablik	294
6.	Fylkir	241
7.	Fram	207
8.	Keflavík	199
9.	HK	120
10.	Þróttur R.	116
11.	Fjölnir	108
12.	Grindavík	90

Þá var einnig kynnt spá er Capacent gerði á meðal þjóðarinnar, en þar var 1100 manna úrtak spurt um hverja þeir teldu verða Íslandsmeistara. Svarhlutfall var 73%. Flestir spáðu Valsmönnum Íslandsmeistaratitli í karlaflokki eða 29,2%. FH kom næst með 21,3%, ÍA var með 15,3% og 11,1% svarenda spáðu KR Íslandsmeistaratitlinum. Þessi félag voru í nokkrum sérflokkum, en 23,3% spáðu einhverju af hinum átta félögum titlinum í karlaflokki.

## FH ENDURHEIMTI ÍSLANDSMEISTARATITILINN

Keflavík og FH háðu harða baráttu um Íslandsmeistaratítillinn á síðasta keppnistímabili og skiptust á að leiða Landsbankadeild karla allt sumarið. Á lokakaflanum leit út fyrir að Keflvíkingar myndu vinna sinn fyrsta Íslandsmeistaratítill síðan 1973, enda höfðu þeir 8 stiga forskot á FH-inga, sem áttu þó 3 leiki eftir á meðan Keflvíkingar áttu aðeins tvo leiki eftir. Fyrir lokaumferðina var spennan í hámarki, Keflvíkingar með tveggja stiga forskot og hefðu tryggt sér titilinn með sigri í lokaleiknum, á heimavelli gegn Fram. Framarar, sem voru í mikilli baráttu um sæti í UEFA-bikarnum, sýndu mikla keppnishörku, unnu 2-1 sigur og tryggðu sér 3. sætið, á meðan FH-ingar lögðu Fylki í Árbænum og hrósuðu þar með sigri í mótinu. Þetta var fjórði Íslandsmeistaratítill FH á síðustu 5 árum og var fögnuðurinn gríðarlegur í leikslok.

Gömlu Reykjavíkurstórveldin KR og Valur áttu erfitt uppráttar framan af móti og voru sein í gang. Bæði lið náðu sér á strik um miðbik mótsins og tókst að blanda sér verulega í baráttuna um sæti í UEFA-bikarnum.

Fjölnismenn voru án vafa spútniklið deildarinnar og léku nánast óaðfínanlega á fyrri helmingi mótsins. En það hallaði nokkuð undan fæti hjá nýliðunum þegar leið á mótið, þó þeir hafi aðeins rétt úr kútnum undir lokin og náð 6. sæti deildarinnar, sem verður að teljast góður árangur á fyrsta ári í Landsbankadeild.

Flestir spáðu Grindavík falli fyrir mótið og voru Grindvíkingar staðráðnir í að láta þá spá ekki verða að veruleika, þrátt fyrir tap í fyrstu þremur leikjunum. Smám saman tókst þeim að hala inn stig og luku keppni um miðja deild. Þótt

ótrúlegt megi virðast var það heimavöllurinn sem reyndist Grindvíkingum erfiður, enda unnu þeir aðeins einn leik þar, en átta á útivelli.

Ungt lið Breiðabliks vakti hrifningu margra og ljóst að úr unglíngastarfi félagsins eru að koma margir efnilegir leikmenn sem spennandi verður að fylgjast með á næstu árum. Óstöðugleiki var helsti vandi liðsins, og hafði reynsluleysi hugsanlega sitt að segja.

Fylkir og Þróttur voru lengst af móts nálægt neðstu tveimur sætum, en þurftu þó aldrei að verma fallsæti.

HK vermdi neðsta sæti deildarinnar lengst af, en komst upp fyrir ÍA í 16. umferð. Þrátt fyrir mikla baráttu komust þeir þó aldrei upp úr fallsætinu og leika því í 1. deild á næsta keppnistímabili.

Eftir 17 umferðir höfðu Skagamenn aðeins unnið einn leik og því nokkuð ljóst hvað í stefndi, enda unnu þeir ekki nema tvo leiki allt sumarið og féllu úr deildinni.

### Landsbankadeild karla - Lokastaða

Félag	L	U	J	T	Mörk	NetStig
1 FH	22	15	2	5	50 - 25	25 47
2 Keflavík	22	14	4	4	54 - 31	23 46
3 Fram	22	13	1	8	31 - 21	10 40
4 KR	22	12	3	7	38 - 23	15 39
5 Valur	22	11	2	9	34 - 28	6 35
6 Fjölnir	22	10	1	11	39 - 33	6 31
7 Grindavík	22	9	4	9	29 - 36	-7 31
8 Breiðablik	22	8	6	8	41 - 36	5 30
9 Fylkir	22	6	4	12	24 - 40	-16 22
10 Þróttur R.	22	5	7	10	28 - 46	-18 22
11 HK	22	5	3	14	26 - 47	-21 18
12 ÍA	22	2	7	13	18 - 46	-28 13

### NÆST BESTA MEÐALTALS- AÐSÓKN FRÁ UPPHAFI

Góð aðsókn var á leiki í Landsbankadeild karla og mættu að meðaltali 1.106 áhorfendur á leik. Þetta er næstbesta aðsókn frá

upphafi, en 1.329 áhorfendur mættu að meðaltali á leikina árið 2007 sem er aðsóknarmet. Í ár var í fyrsta skipti leikið með 12 lið í efstu deild og fjölgaði leikjunum í deildinni því úr 90 í 132. Alls voru það 145.958 áhorfendur sem mættu á leiki sumarsins.

Flestir áhorfendur mættu á heima-leiki KR eða 1.931 að meðaltali. Með næstbestu aðsóknina voru Keflvíkingar en 1.616 áhorfendur mættu að meðaltali. Á heimaleiki Íslands-meistara FH mættu svo 1.256 áhorfendur að meðaltali. KR var einnig með bestu meðalaðsóknina á útileiki sína, en mjótt var þar á mununum. Að meðaltali mættu 1.285 áhorfendur á útileiki hjá KR, 1.275 að meðaltali á útileiki hjá Valsmönnum og 1.259 að meðaltali á útileiki FH.

Best sótti leikurinn var leikur Keflavíkur og Fram í 22. umferðinni, en 3.875 áhorfendur mættu á þann leik. Næstflestir mættu á leik KR og Vals í 11. umferðinni, eða 3.158. Flestir mættu á leiki 4. umferðar en þá mættu 9.849 áhorfendur á leikina sex sem gera 1.642 að meðaltali á leik. Fæstir áhorfendur mættu á leiki 20. umferðar, aðeins 3.922, sem gerir 654 áhorfendur að meðaltali.

### Aðsókn 2008

	Alls heima	Meðaltal heima
KR	21.243	1.931
Keflavík	17.775	1.616
FH	13.816	1.256
Breiðablik	12.056	1.096
Fjölnir	11.355	1.032
Valur	11.286	1.026
Fylkir	11.213	1.019
ÍA	11.037	1.003
HK	9.740	885
Þróttur R.	8.972	816
Fram	8.741	795
Grindavík	8.724	793
<b>Alls</b>	<b>145.958</b>	<b>1.106</b>

## STUÐNINGSMANNAHÓPAR LITRÍKIR OG FJÖRUGIR

Stuðningsmannahópar félaganna í Landsbankadeild karla setja stöðugt meiri og skemmtilegri svip á leikina. Stemmningin verður sífellt líkari því sem gerist á leikvöngum erlendis. Stuðningsmenn eru merktir með litum sinna félaga, syngja hvatningsarsöngva og skemmta sjálfum sér og öðrum. Allt stuðlar þetta að því að gera knattspyrnuleik að því sem hann á að vera fyrir áhorfandann – skemmtilegri upplifun.

Ánægjulegt hefur verið að sjá þessa þróun einnig í 1. deild, þannig að stuðningsmenn þeirra liða sem koma upp í Landsbankadeildina eru tilbúnir í slaginn og keppa við stuðningsmenn þeirra liða sem fyrir eru. Samskipti þessara hópa eru lang oftast á jákvæðum og skemmtilegum nótum og dæmi eru um að hóparnir sameinist í upphitun fyrir leiki og gangi svo saman fylktu liði á völlinn.

Forráðamenn félaganna verða þó að vera vakandi fyrir því að áhorfendur koma á völlinn á ólíkum forsendum og ekki vilja allir vera með í þessu fjöri. Sumir vilja sitja í rólegheitum og njóta þess að horfa á knattspyrnuleik. Börn eru einnig stór og mikilvægur hluti áhorfenda og taka verður tillit til þarfa barnanna og fjölskyldna þeirra.

## KR BIKARMEISTARI KARLA Í ELLEFTA SINN

VISA-bikar karla fór nú fram með breyttu fyrirkomulagi. Í undankeppni tóku þátt öll lið nema þau, sem léku í Landsbankadeild. Svæðakeppni var viðhöfð í undankeppninni og keppni liðanna hagað svo, að 20 lið kæmst áfram úr undankeppni í aðalkeppni auk þeirra 12 liða sem léku í Landsbankadeild. Liðin úr Lands-

bankadeild hófu því keppni í 32 liða úrslitum í stað 16 liða úrslita áður. Auk þess var um óbundinn drátt að ræða í 32 liða úrslitum, þannig að Landsbankadeildarlið gátu dregist saman strax í þeirri umferð.

Undanúrslitaleikirnir í VISA-bikar karla fóru að venju fram á Laugardalsvelli og voru báðir leikir bráðskemmtilegir og hörkuspennandi - frábær skemmtun fyrir áhorfendur í glæsilegri umgjörð í flóðljósum á besta tíma á Laugardalsvelli. Þetta var frábær auglýsing fyrir íslenska knattspyrnu eins og hún gerist best. Vítaspyrnukeppni þurfti til að knýja fram úrslit í viðureign KR og Breiðabliks og reyndust KR-ingar vera sterkari af vítapunktinum. Allt útlit var fyrir framlengingu hjá Fjölni og Fylki, sem mættust einnig í undanúrslitum árið á undan, en mark í uppbótar-tíma tryggði Fjölnismönnum sæti í úrslitaleiknum annað árið í röð.

Það má segja að gamli tíminn hafi mætt þeim nýja þegar Fjölnir og KR mættust í úrslitaleik VISA-bikars karla. Annað félagið var stofnað fyrir 25 árum og var á sínu fyrsta ári í efstu deild, en hitt félagið var stofnað árið 1899 – elsta knattspyrnufélag á Íslandi. Leikurinn sjálfur var ansi bragðdaufur, sem verða að teljast ákveðin vonbrigði eftir fjöruga undanúrslitaleiki. Bikarmeistararitillinn réðist á eina marki leiksins, sjálfsmarki varnarmanns Fjölnis þegar aðeins ein mínúta lifði af leiknum. KR-ingar fögnuðu því bikarmeistararitlinum í 11. sinn og hafa unnið bikarinn oftast en nokkurt annað félag.

## KR-INGUM SPÁÐ MEISTARATITLINUM

Á kynningarfundum Landsbankadeildar kvenna í Smáralind spáðu

fulltrúar félaganna að venju um lokastöðu liðanna í deildinni. Af spánni mátti merkja að fulltrúar félaganna töldu að baráttan um titilinn myndi standa á milli KR og Vals, og að fyrrnefnda liðið myndi hafa sigur. Þá var HK/Víkingi og Fjölni spáð falli úr deildinni. Hefði spáin gengið eftir hefði röð liða verið þannig að móti loknu:

Röð	Félag	Stig
1.	KR	283
2.	Valur	278
3.	Breiðablik	240
4.	Keflavík	192
5.	Stjarnan	172
6.	Fylkir	134
7.	Þór/KA	105
8.	Afturelding	86
9.	HK/Víkingur	81
10.	Fjölnir	79

Þá gerði Capacent könnun á meðal þjóðarinnar (1100 manna úrtak, 73% svarhlutfall) og voru niðurstöðurnar þar eilítið öðruvísi. Í kvennaflokki voru langflestir landsmenn á því að Valur mundi endurheimta titilinn, eða 54,7% svarenda. Næstflestir spáðu KR titlinum eða 15,8% og Breiðablik kom þar sjónarmun á eftir með 15,7%, önnur félög fengu samtals 13,8% atkvæða.

## ÞRIÐJI TITILLINN Í RÖÐ

Valur tryggði sér Íslandsmeistaratitil kvenna þriðja árið í röð þrátt fyrir harða atlögu KR, sem hafnaði í 2. sæti Landsbankadeildarinnar. Segja má að tap KR gegn Breiðabliki í 12. umferð hafi gert út um vonir Vesturbæjarliðsins að ná Val að stigum. Valur tapaði aðeins einum leik allt mótið, síðari leiknum gegn KR, sem dugði KR-ingum þó ekki vegna tapsins gegn Blikastúlkum fyrr um sumarið. Markatala Valsliðsins var hreint ótrúleg – liðið skoraði 91 mark og fékk 15 á sig. Hlíðarendastúlkur gerðu mjög fá mistök allt mótið og hömpuðu Íslandsmeistararitlinum

þriðja árið í röð og þeim 8. í sögu félagsins.

Breiðablik hafnaði í 3. sæti deildarinnar og skammt undan var lið Þórs/KA, sem náði sínum besta árangri í efstu deild. Stjarnan, Afturelding, Fylkir og Keflavík voru með svipaðan stigafjölda í lok móts og hefðu með sigri eða tapi til eða frá getað stokkið upp um nokkur sæti, eða fallið niður um nokkur sæti.

Vegna fjölgunar liða í Landsbankadeild kvenna úr 9 liðum í 10 féllu tvö lið úr deildinni í ár og kom það í hlut HK/Víkings og Fjölnis að þessu sinni.

### Landsbankad. kvenna - Lokastaða

Félag	L	U	J	T	Mörk	NetStíg
1 Valur	18	17	0	1	91	- 15 76 51
2 KR	18	16	0	2	61	- 15 46 48
3 Breiðablik	18	11	2	5	46	- 34 12 35
4 Þór/KA	18	9	2	7	45	- 27 18 29
5 Stjarnan	18	6	4	8	26	- 34 -8 22
6 Afturelding	18	6	2	10	16	- 35 -19 20
7 Fylkir	18	6	1	11	23	- 45 -22 19
8 Keflavík	18	5	3	10	29	- 50 -21 18
9 HK/Víkingur	18	2	4	12	20	- 51 -31 10
10 Fjölnir	18	2	2	14	14	- 65 -51 8

### KR BIKARMEISTARI ANNAÐ ÁRIÐ Í RÖÐ

KR hrósaði sigri í VISA-bikar kvenna annað árið í röð, með því að leggja nýbakaða Íslandsmeistara Vals í úrslitaleik á Laugardalsvelli. Í undanúrslitum vann Valur öruggan 4-0 sigur á Stjörnunni og KR lagði Breiðablik annað árið í röð í undanúrslitum, að þessu sinni með fjórum mörkum gegn tveimur.

KR-stúlkur voru sterkari aðilinn í úrslitaleiknum gegn Val og var 4-0 sigur þeirra mjög sannfærandi. Eitt mark í fyrri hálfleik og þrjú í þeim síðari tryggðu bikarmeistaratitilinn annað árið í röð og þann fjórða í bikarsögu kvennaliðs KR.

### ALDREI FLEIRI BEINAR SJÓNVARPSÚTSENDINGAR

Aldrei hafa jafn margir leikir Íslandsmóts og bikarkeppni verið sýndir í beinni útsendingu sjónvarps og síðastliðið sumar. Munar þar mestu um að Stöð 2 sport sýndi beint frá mun fleiri leikjum Landsbankadeildar karla en nokkru sinni fyrr. Hafa ber í huga að leikjum deildarinnar fjölgaði úr 90 í 132 við fjölgun liða úr 10 í 12.

#### Landsbankadeild karla

Ár	Beinar úts.
2008	40
2007	31
2006	30
2005	29
2004	19
2003	18
2002	19
2001	23
2000	21

Úrslitaleikir VISA-bikars karla og kvenna voru sýndir beint á RÚV, eins og undanúrslitaleikir karla og annar undanúrslitaleikir kvenna. Alls var því sýnt beint frá 5 leikjum í VISA-bikar karla og kvenna 2008. Þá sýndi RÚV beint frá tveimur leikjum í Landsbankadeild kvenna. Samanlagt voru því 47 deildar- og bikarleikir sýndir beint í sjónvarpi á árinu.

### KOSNINGAR FJÖLMIÐLA

Að venju stóðu Landsbankinn og KSÍ að sérstakri valnefnd (fjölmíðlar og aðrir) á leikmönnum, þjálfurum, dómurum og liðum ákveðinna tímabila í Landsbankadeildum karla og kvenna. Kosningunum er skipt upp í þrjú tímabil. Landsbankinn veitti síðan þeim aðilum sem voru tilnefndir veglegar viðurkenningar. Þessar uppákomur vekja jafnan mikla athygli og er vel um þær fjallað í fjölmíðlum.

### BESTU OG EFNILEGUSTU LEIKMENN ÁRSINS

Bestu og efnilegustu leikmenn Landsbankadeilda karla og kvenna eru valdir í kosningu meðal leikmanna deildanna. Úrslit fyrir 2008 voru kunngerð á lokahófi KSÍ. Efnilegustu leikmenn karla og kvenna komu báðir úr röðum Kópavogslíðsins Breiðabliks.

Guðmundur Steinarsson, fyrirlíði Keflavíkur, var kjörinn leikmaður ársins í Landsbankadeild karla. Efnilegasti leikmaðurinn var kjörinn Jóhann Berg Guðmundsson úr Breiðabliki.

Dóra María Lárusdóttir, leikmaður Íslandsmeistara Vals, var kjörin besti leikmaður Landsbankadeildar kvenna. Hlín Gunnlaugsdóttir úr Breiðabliki þótti efnilegasti leikmaður deildarinnar.

### ÞJÁLFAVARAR ÁRSINS

Fjölmíðlar kusu Kristján Guðmundsson þjálfara ársins í Landsbankadeild karla og þjálfara Vals, þau Elísabetu Gunnarsdóttur og Frey Alexandersson, þjálfara ársins í Landsbankadeild kvenna. Kristján stýrði liði Keflavíkur, sem leiddi Landsbankadeildina lengi vel, en varð að sjá á eftir Íslandsmeistaratitlinum í lokaumferðinni. Elísabet og Freyr voru við stjórnvölinn hjá liði Vals sem hampaði Íslandsmeistaratitli kvenna þriðja árið í röð.

### GUÐMUNDUR OG MARGRÉT LÁRA MARKAHÆST

Keflvíkingurinn Guðmundur Steinarsson og Margrét Lára Viðarsdóttir úr Val voru markahæstu leikmenn Landsbankadeilda karla og kvenna 2008. Margrét Lára varð þar með markahæst í deildinni fimmta árið í röð, en

Guðmundur varð markakóngur í fyrsta sinn.

Guðmundur skoraði 16 mörk fyrir Keflavík, en KR-ingurinn Björgólfur Takefusa gerði 12 mörk og hlaut því silfurskóinn. Tryggvi Guðmundsson úr liði Íslandsmeistara FH hlaut bronsskóinn með 11 mörk.

Margrét Lára hefur haft mikla yfirburði í markaskorun síðustu ár og engin breyting varð á því sviðinu á liðnu ári. Hún skoraði alls 32 mörk í deildinni, sem er sannarlega glæsilegur árangur. Silfur- og bronsskóna hlutu Rakel Hönnudóttir úr Þór/KA og Hrefna Jóhannesdóttir úr KR. Rakel skoraði 20 mörk, en Hrefna 19.

## JÓHANNES KJÖRINN BESTI DÓMARINN

Jóhannes Valgeirsson var kjörinn besti dómari í Landsbankadeild karla í kjöri leikmanna en viðurkenningin var nú afhent í 15. sinn. Þetta er í fyrsta sinn sem Jóhannes hlýtur þessa viðurkenningu.

## LIÐ ÁRSINS

Að venju völdu fjölmiðlar lið ársins í Landsbankadeildum karla og kvenna. Þau voru þannig skipuð:

### Karlalið ársins

*Markvörður:*

Hannes Þór Halldórsson – Fram

*Varnarmenn:*

Auðun Helgason – Fram

Dennis Siim – FH

Guðjón Á. Antoníusson – Keflavík

Tommy Nielsen – FH

*Tengiliðir:*

Davíð Þór Viðarsson – FH

Hólmar Örn Rúnarsson – Keflavík

Tryggvi Guðmundsson – FH

*Framherjar:*

Atli Viðar Björnsson – FH

Guðmundur Steinarsson – Keflavík

Jóhann Berg Guðmundss. – Breiðablik

### Kvennalið ársins

*Markvörður:*

María B. Ágústsdóttir – KR

*Varnarmenn:*

Ásta Árnadóttir – Valur

Guðrún Sóley Gunnarsdóttir – KR

Sif Atladóttir – Valur

*Tengiliðir:*

Dóra María Lárusdóttir – Valur

Edda Garðarsdóttir – KR

Hólmfríður Magnúsdóttir – KR

Katrín Jónsdóttir – Valur

Sophia Andrea Mundy – Valur

*Framherjar:*

Margrét Lára Viðarsdóttir – Valur

Rakel Hönnudóttir – Þór/KA

## STUÐNINGSMENN ÁRSINS

Landsbankinn verðlaunar stuðningsmenn í Landsbankadeildum karla og kvenna fyrir góða frammistöðu á árinu. Veitt eru peningaverðlaun, sem renna skulu til unglingsstarfs viðkomandi félags. Það voru stuðningsmenn Keflavíkur sem hlutu viðurkenninguna í Landsbankadeild karla og stuðningsmenn KR í Landsbankadeild kvenna.

## PRÚÐMENNSKUVERÐLAUN MASTERCARD

Prúðmennskuverðlaun KSÍ og Mastercard voru veitt þeim leikmönnum og félagsliðum sem þóttu prúðust á undangengnu tímabili.

Háttvísinefnd valdi Frey Bjarnason úr Íslandsmeistaraliði FH prúðasta leikmanninn í Landsbankadeild karla og Maríu B. Ágústsdóttur úr bikarmeistaraliði KR prúðasta leikmanninn í Landsbankadeild kvenna. Freyr og María eru bæði þekkt fyrir prúðmennsku og háttvísi innan vallar sem utan.

Keflavík var prúðasta liðið í Landsbankadeild karla samkvæmt háttvísimati eftirlitsmanna KSÍ. Háttvísimatið tekur mið af fjölda áminninga og brottvísana, sóknarleik (jákvæður leikur) og framkomu

leikmanna við mótherja og dómara. Einnig er lagt mat á framkomu liðsstjórnar og áhorfenda. Í Landsbankadeild kvenna var Valur prúðasta liðið annað árið í röð, en þar var stuðst við fjölda spjalda á lið í mótinu.

## MEDALTAL MARKA

Í Landsbankadeild karla 2008 voru skorud 3,12 mörk að meðaltali í leik. Ekki hafa verið skorud fleiri mörk að meðaltali í efstu deild karla síðan 1995. Mörkin urðu 412 talsins í leikjunum 132. Á síðasta tímabili voru skorud 269 mörk í 90 leikjum eða að meðaltali 2,99 mörk í leik.

Mörkunum í Landsbankadeild kvenna fækkaði heldur að meðaltali. Á liðnu keppnistímabili voru leikirnir 90 og var skorað í þeim 371 mark eða 4,12 mörk að meðaltali í leik. Það er tölverð fækkun marka að meðaltali, en árið áður voru skorud 5,79 mörk að meðaltali í leik og árið 2006 hljóðaði sú tala upp á 6,20 mörk.

## NÝR LANDSBANKA- DEILDARKNÖTTUR

Landsbankinn gaf öllum 22 félögum í Landsbankadeildum karla og kvenna 2008 vandaða og sérmerкта Landsbankadeildarknetti af gerðinni Uhlsport TC Precision Classic til keppni og æfinga. Þriðja árið í röð var því leikið með sérmerktan knött í leikjum deildanna. Tilgangurinn er að öll lið æfi og leiki með sama knöttinn og samræma þannig umgjörð Landsbankadeildarinnar.

Nýi knötturinn var valinn að undangengnu útboði og prófunum sem skipulagt var af KSÍ í samvinnu við félög í Landsbankadeildinni. Margrét Lára Viðarsdóttir, leikmaður Íslandsmeistara

Vals, og Gunnlaugur Jónsson, leikmaður KR og formaður Samtaka knattspyrnumanna, tóku við fyrstu eintökunum af Landsbankadeildar-knettninum.

## SALA AÐGÖNGUMÍÐA Í GEGNUM MIDLIS

Fyrir leiki í Landsbankadeild karla var að venju hægt að kaupa miða á forsöluverði í gegnum vefsíðuna [midi.is](http://midi.is), en þar er hægt að kaupa miða með afslætti, hvort sem um er að ræða í forsölu eða sölu á leikdegi. Miðasölukerfið býður upp á miðakaup á einfaldan, fljótan og þægilegan máta, og er góð þjónusta við knattspyrnuáhugafólk.

## EYJAMENN AFTUR UPP Á MEÐAL ÞEIRRA BESTU

Eyjammenn unnu sannfærandi sigur í 1. deild karla og eru aftur komnir upp á meðal þeirra bestu, eftir tveggja ára fjarveru. ÍBV tók forystuna í mótinu strax í 1. umferð og sat í toppsætinu allt til loka. Það var því lengst af nokkuð öruggt að efsta sætið væri Eyjamanna, en baráttan um 2. sætið og þar með hitt sætið í Landsbankadeild var mikil og jöfn. Framan af virtust mörg lið ætla að verða um hituna og erfitt að spá fyrir um stöðuna í mótslok, en upp úr miðju móti fóru línur að skýrast. Baráttan um 2. sætið var þá á milli Selfoss og Stjörnunnar. Selfyssingar, sem höfðu komið upp úr 2. deild árið áður, voru lengst af næsta lið á eftir Eyjamönnum, en Stjarnan fylgdi þeim fast á eftir og beið eftir sínu tækifæri. Það kom í næst síðustu umferð, þegar Selfoss lá fyrir Fjarðabyggð. Stjarnan skaust í 2. sætið og hélt því með stórsigri á Haukum í lokaumferðinni, á útivelli. Selfoss lagði ÍBV fyrir austan fjall í lokaumferðinni, en það reyndist ekki nóg. Það verða því ÍBV og Stjarnan sem leika í

Landsbankadeildinni 2009. Njarðvík og KS/Leiftur féllu í 2. deild.

### Lokastaðan í 1. deild karla

Félag	L	U	J	T	Mörk	NetStig
1 ÍBV	22	16	2	4	43	- 17 26 50
2 Stjarnan	22	14	3	4	47	- 22 25 47
3 Selfoss	22	14	4	5	54	- 36 18 46
4 KA	22	9	5	8	31	- 27 4 32
5 Víkingur R.	22	8	5	9	32	- 30 2 29
6 Haukar	22	8	4	10	36	- 42 -6 28
7 Leiknir R.	22	7	5	10	33	- 40 -7 26
8 Þór	22	7	4	11	31	- 42 -11 25
9 Fjarðabyggð	22	5	9	8	31	- 37 -6 24
10 Víkingur Ó.	22	5	9	8	19	- 29 -10 24
11 Njarðvík	22	4	7	11	26	- 42 -16 19
12 KS/Leiftur	22	1	9	12	17	- 36 -19 12

ÍR vann 2. deildina með miklum yfirburðum, vann 18 leiki af 22 og tapaði aðeins einu sinni, í lokaumferðinni. Jafnframt skoruðu Breiðhyltingar 63 mörk í leikjunum 22. Afturelding hreppti 2. sætið eftir að hafa fylgt ÍR eins og skugginn, en þessi lið sátu í efstu tveimur sætum allt mótið. Völsungur féll í 3. deild og ÍH fylgdi þeim niður eftir að hafa verið dæmdur leikur tapaður vegna kærumáls.

### Lokastaðan í 2. deild karla

Félag	L	U	J	T	Mörk	NetStig
1 ÍR	22	18	3	1	63	- 27 36 57
2 Afturelding	22	12	4	6	48	- 25 23 40
3 Víðir	22	10	6	6	52	- 40 12 36
4 Hvöt	22	11	3	8	46	- 38 8 36
5 Magni	22	9	3	10	39	- 44 -5 30
6 Tindastóll	22	6	9	7	36	- 37 -1 27
7 Grótta	22	7	6	9	39	- 45 -6 27
8 Reynir S.	22	6	7	9	45	- 56 -11 25
9 Höttur	22	6	6	10	34	- 41 -7 24
10 Hamar	22	6	4	12	37	- 49 -12 22
11 ÍH	22	5	6	11	37	- 59 -22 21
12 Völsungur	22	3	9	10	32	- 47 -15 18

Hamrarnir/Vinir lögðu BÍ/Bolungarvík í úrslitaleik um sigur í 3. deild karla og leika þessi tvö lið í 2. deild á næsta keppnistímabili.

ÍR og GRV léku til úrslita í 1. deild kvenna og leika því í Landsbankadeild á næsta keppnistímabili. Bæði þessi lið komu úr A-riðli og höfðu

nokkra yfirburði gegn mótherjum sínum í undanúrslitunum.

## ÍSLANDSMÓT YNGRI FLOKKA

Fjölgað var í A og B deild í 2. flokki karla, úr 8 í 10 lið. Að öðru leyti var mótahald að mestu með hefðbundnu sniði. Þó var byrjað nokkrum dögum fyrir en venjulega og úrslitakeppnir færðar viku aftar þar sem því varð við komið. Gert var tveggja vikna hlé á mótahaldi um mánaðamótið júlí/ágúst í 4. flokki og yngri aldursflokkum líkt og undanfarin ár.

## HVERNIG FÖR LEIKURINN?

Þessa spurningu þekkja allir sem tengjast knattspyrnunni. KSÍ hefur lagt mikla áherslu á að veita fjölmiðlum, þátttakendum og áhugafólki um knattspyrnu sem bestar upplýsingar um úrslit leikja og móta. Leikjum fjölgar og allir vilja fá að vita úrslitin, hvort sem um er að ræða leik í 5. flokki eða meistaraflokki. Skráningarkerfi KSÍ tekur með einföldum og skjóttum hætti á móti SMS-skeytum með stöðu og úrslitum leikja og leikskýrslur má skrá í gagnagrunn KSÍ í gegnum vefinn – [www.ksi.is](http://www.ksi.is). Úrslitin fara þá sjálfkrafa inn á vef KSÍ og félögunum er þannig gert auðveldara um vik að koma þeim á framfæri við félagsmenn, fjölmiðla og aðra áhugasama aðila. Sífelld fleiri félög standa sig vel í að veita þessa þjónustu og sum félög standa sig afburða vel, en alltof fá nýta sér möguleikann til fullnustu.

## SMS-ÞJÓNUSTA Á VEFNUM

Síðastliðið sumar var í fyrsta sinn boðið upp á SMS-úrslitþjónustu í gegnum vef KSÍ. Hægt var að fá úrslit úr einstökum leikjum í tilteknu móti með einföldum hætti.



SMS-þjónustan nær til allra aldursflokka og allra móta KSÍ, hvort sem um er að ræða leiki í Landsbankadeild eða yngri flokkum. Fjöldinn allur af knattspyrnuáhugafólki nýtti sér þessa þjónustu.

## KRR-MÓT OG FAXAFLÓAMÓT

KSÍ annast skipulagningu þessarar umfangsmiklu móta skv. sérstöku samkomulagi. Haustmót KRR fór aftur af stað á árinu, sem þýddi aftur fjölgun leikja, en mótið féll niður árið 2007. Fækkun leikja varð í Faxaflóamótinu sem skýrist af því að haust-Faxaflóamótið féll niður vegna ónægðrar þátttöku. Bent skal á að héraðssamböndum og öðrum samtökum félaga á öðrum landsvæðum stendur til boða þjónusta af hálfu KSÍ - með sama hætti og KRR og Faxaflóafélagin hafa nýtt sér í mótahaldi sínu.

## MIKILL FJÖLDI ERLENDRA LEIKMANNA Á ÍSLANDI

Fjöldi erlendra leikmanna í deildarkeppni á Íslandi var gríðarlegur á árinu og enn átti sér stað mikil fjölgun milli ára. Alls léku 215 erlendir leikmenn hér á landi árið 2008 í deildarkeppni karla og kvenna, samanborið við 188 árið á undan og 166 árið þar á undan. Hér eru ekki taldir upp leikmenn sem fengið hafa íslenskt ríkisfang. Athyglisvert er að fjölmargir þessara leikmanna stöldruðu stutt við og léku aðeins örfáa leiki áður en þeir skiptu aftur um félag, jafnvel aftur til útlanda. Sérstaklega var þetta áberandi í neðri deildum. Rétt er þó að hafa í huga að í sumum tilfellum er um að ræða leikmenn sem hingað eru ekki gagngert komnir til að leika knattspyrnu, heldur hafa einhverjir einfaldlega fengið vinnu hér, eða koma jafnvel bara hingað sem

ferðamenn og stoppa stutt, leika einn til tvo leiki.

Ár	Fjöldi
2008	215
2007	188
2006	166
2005	148
2004	102
2003	74
2002	70
2001	93
2000	89
1999	82
1998	65

Mesta fjölgunin á milli ára var í Landsbankadeild karla, sem skýrist að einhverju leyti af fjölgun liða í deildinni.

Deild	Fjöldi 2008	Fjöldi 2007	Fjöldi 2006
LD karla	44	34	41
1. deild karla	42	38	23
2. deild karla	35	26	26
3. deild karla	45	47	47
LD kvenna	28	30	16
1. d. kvenna	21	13	13

Alls voru 33 af 36 félögum í landsdeildum karla með erlenda leikmenn í sínum röðum, auk 17 félaga í 3. deild. Fjölnir, Gróttta og ÍR voru einu félögin sem notuðu enga erlenda leikmenn. Í Landsbankadeild karla voru flestir erlendir leikmenn hjá Grindavík, eða 7. Átta af tíu félögum í Landsbankadeild kvenna voru með erlenda leikmenn, en þar af flestir hjá Aftureldingu, eða 6. KR og Breiðablik voru einu liðin í Landsbankadeild kvenna sem voru ekki með neina erlenda leikmenn. Sjö félög í 1. deild kvenna voru með erlenda leikmenn, og af þeim félögum komu flestir við sögu hjá ÍR, eða 9 erlendir leikmenn alls.

UEFA hefur þegar sett kröfur um fjölda uppalinna leikmanna í Evrópumótum félagsliða og nokkur lönd hafa einnig sett sérstakar reglur um slíkt. Þá vinnur FIFA að reglugerð sem kveður á um ákveðinn fjölda uppalinna og/eða innlendra leikmanna í byrjunarliði. Uppaldir leikmenn eru þeir

leikmenn sem teljast hafa alist upp hjá viðkomandi félagi eða knattspyrnusambandi skv. nánari reglum þar um.

## SKRÁÐUM SAMNINGUM FJÖLGAR Á NÝ

Fjöldi samninga sem skráðir voru á árinu hjá félögum í Landsbankadeild karla var 198, sem er talsverð fjölgun frá árinu á undan, þegar 153 samningar voru skráðir. Þess ber þó að geta að fjöldi skráðra samninga hefur sveiflast nokkuð milli síðustu ára. Þann 15. janúar 2009 voru alls 278 samningar í gildi.

## FÉLAGASKIPTAREGLUR OG SAMNINGAMÁL

Gerð var breyting til samræmis við reglur FIFA um félagaskipti á þann veg að leikmenn mega vera skráðir í þrjú félög á keppnistímabilinu, en skv. eldri reglum máttu leikmenn vera skráðir í þrjú félög á tímabilinu 1. júlí til 30. júní og leika með tveimur félögum. Jafnframt var opnað á þann möguleika að leikmenn geti leikið með þriðja félaginu ef farið er á milli landa sem hafa mismunandi keppnis-tímabil þ.e. vor-haust eða haust-vor.

Gerð var breyting til samræmis við reglur FIFA um samninga leikmanna sem taka á því að félagi er óheimilt að semja við þriðja aðila um þátttöku í samningum leikmanna sem getur haft áhrif á sjálfstæði og stöðu félaga.

Þá var gerð breyting á reglum sem varða heimild framkvæmdastjóra KSÍ til að gefa út keppnisleyfi. Í því tilfelli að félag neitar að staðfesta félagaskipti ósamningsbundinna leikmanna við lok félagaskiptatímabils hefur fram-

kvæmdastjóri KSÍ nú tvo virka daga til að afgreiða slík mál.

## MÁL TIL SAMNINGA- OG FÉLAGASKIPTANEFNDAR

Flest ágreiningsefni sem upp komu á árinu voru leyst af skrifstofu KSÍ eða einstökum nefndarmönnum. Nokkuð var þó um að málum væri vísað til nefndarinnar til formlegrar úrlausnar. Leiknir R. lagði fram kvörtun vegna starfa Guðlaugs Tómassonar, umboðsmanns leikmanna. Grindavík óskaði eftir undanþágu á félagaskiptum fyrir Gilles Mbang Ondo á þeim tíma sem félagaskiptagugginn var lokaður. Afturelding og Reynir S. óskuðu eftir því að keppnisleyfi væru gefin út fyrir leikmenn, þar sem fyrri félög þeirra neituðu að samþykkja félagaskiptin. Þá var mál Benis Krasnigi gegn HK tekið fyrir hjá nefndinni. Benis gerði leikmannssamning við félagið, en keppnisleyfi fékkst ekki afgreitt frá Kosovo (Serbíu). Fjallað er nánar um málin í fylgiskýrslu.

## TÆPLEGA TVÖ ÞÚSUND FÉLAGASKIPTI Á ÁRINU

Fjöldi félagaskipta á árinu var 1.895 sem er fjölgun um 207 frá fyrra ári. Aukninguna má að stórum hluta skýra með nákvæmari skráningu iðkenda í kjölfar þess að félagakerfi ÍSÍ (Felix) og gagnagrunnur KSÍ eru nú samtengdir. Af þeim sökum hafa félög ekki getað skráð sína iðkendur í kerfi ÍSÍ nema þeir séu rétt skráðir hjá KSÍ. Samfara þessu hefur félagaskiptum yngri iðkenda fjölgað.

Líkt og á síðasta ári þurfti starfsfólk KSÍ að grípa inn í nokkur mál þar sem forráðamenn félaga neituðu leikmönnum um félagaskipti. Í flestum tilfellum leystust slík mál á farsælan hátt en í þremur tilfellum gaf framkvæmdastjóri KSÍ út

keppnisleyfi af þessum sökum. Engin undanþága var veitt vegna félagaskipta markvarða.

## UMBOÐSMENN LEIKMANNA

Á árinu voru fimm umboðsmenn starfandi, þeir sömu og árið áður. Það voru þeir Arnór Guðjohnsen, Guðlaugur Þór Tómasson, Magnús Agnar Magnússon, Ólafur Garðarson, og Unnar Steinn Bjarndal. Átján umboðsmannasamningar (samningur leikmanns við umboðsmann) voru skráðir hjá skrifstofu KSÍ á árinu. Einn einstaklingur tók umboðsmannapróf á árinu en stóðst ekki tilskildar kröfur.

## FASTNÚMERAKERFI

Fyrir keppnistímabilið 2008 var ákveðið að taka upp fastnúmerakerfi í Landsbankadeild kvenna og 1. deild karla. Líkt og í Landsbankadeild karla voru leikmenn í fyrrgreindum deildum númeraðir 1-30 og báru þeir sitt treyjunúmer allt keppnistímabilið. Þá var ákveðið að í öðrum mótum í keppni 11 manna liða gildi nú almennt að leikmenn beri númerin 1-30, en þess er þó ekki krafist að þeir beri sama númerið allt keppnistímabilið, þ.e. ekki fastnúmerakerfi. Í yngri flokkum var einnig komið til móts við óskir félaganna og veitt svigrúm þegar kemur að treyjunúmerum. Félögum er nú heimilt að nota númerakerfið 1-99 í yngstu flokkum, þar sem algengara er orðið að hver leikmaður eigi sína treyju. Í yngri flokkum í keppni 11 manna liða ber félagi að nota númer 1-30.

## SAMNINGSSKYLDA Í LANDSBANKADEILD KARLA

Frá og með 1. janúar 2009 er öllum félögum sem leika í Landsbankadeild karla gert skylt að gera samninga við leikmenn sem taka

þátt í opinberum knattspyrnuleikjum með viðkomandi félagi. Leikmenn 2. flokks eða yngri eru þó undanskildir ákvæði þessu, þ.e. ekki er skylda að samningsbinda þá þó þeir leiki knattspyrnuleiki með félögum sem eiga sæti í Landsbankadeild karla.

## SIGURVEGARAR Í MÓTUM MEISTARAFLOKKA

### Íslandsmeistarar karla

24 sinnum	KR
20 sinnum	Valur
18 sinnum	Fram, ÍA
5 sinnum	Víkingur R.
4 sinnum	FH, Keflavík
3 sinnum	ÍBV
1 sinni	KA

### Bikarmeistarar karla

11 sinnum	KR
9 sinnum	ÍA, Valur
7 sinnum	Fram
4 sinnum	ÍBV, Keflavík
2 sinnum	Fylkir
1 sinni	FH, ÍBA, Víkingur

### Íslandsmeistarar kvenna

15 sinnum	Breiðablik
8 sinnum	Valur
6 sinnum	KR
4 sinnum	FH
3 sinnum	ÍA
1 sinni	Ármann

### Bikarmeistarar kvenna

10 sinnum	Valur
9 sinnum	Breiðablik
4 sinnum	ÍA, KR
1 sinni	ÍBV

•••••

## DÓMARAMÁL

### ENGINN ÍSLENSKUR DÓMARI NÁÐ JAFN LANGT

Enginn íslenskur dómari hefur náð jafn langt í sínu fagi og Kristinn Jakobsson gerði á árinu 2008. Kristinn, sem er fyrstur Íslendinga í efsta styrkleikaflokki dómara hjá UEFA, var valinn til að starfa í úrslitakeppni EM 2008 í Austurríki og Sviss sem fjórði dómari. Þetta er í fyrsta skipti sem íslenskur dómari starfar í lokakeppni stórmóts A-landsliða. Kristinn fékk þrjú verkefni, sem fjórði dómari á leik Austurríkis og Króatíu þann 8. júní, á leik Tékklands og Portúgals þann 11. júní og loks á leik Rússlands og Svíþjóðar þann 18. júní. Þá dæmdi Kristinn leik Shakhtar Donetsk frá Úkraínu og Basel frá Sviss í Meistaradeild UEFA, en sá leikur fór fram í Úkraínu í lok nóvember. Aðstoðardómarar í leiknum voru þeir Sigurður Óli Þórleifsson og Ólafur Ingvar Guðfinnsson og fjórði dómari var Magnús Þórisson. Þetta er í fyrsta skiptið sem íslenskir dómarar eru á leik í riðlakeppni Meistaradeildar UEFA.

### BREYTINGAR HJÁ DÓMURUM

Valgeir Valgeirsson, Þorvaldur Árnason, Þóroddur Hjaltalín og Örvar Sær Gíslason bættust í A-hóp dómara 2008. Í A-hóp aðstoðardómara bættust við Áskell Þór Gíslason, Jóhann Gunnar Guðmundsson og Jóhann Gunnarsson. Í B-hóp dómara færðust Guðmundur Ársæll Guðmundsson, Gunnar Sv. Gunnarsson, Vilhjálmur Alvar Þórarinnsson og Þorvaldur Árnason sem var hækkaður upp í hóp A-dómara á miðju sumri. Í B-hóp aðstoðardómara bættust Gylfi Már Sigurðsson og Smári Stefánsson. Nýir C-dómarar urðu Bjarni

Hrannar Héðinsson, Gunnar Jarl Jónsson, Hákon Þorsteinsson, Ingvar Örn Gíslason, Jan Eric Jassen, Sigurhjórtur Snorrason, Þórður Már Gylfason og Gylfi Már Sigurðsson. Gylfi Már var hækkaður upp í B-aðstoðardómara í byrjun sumars. Nýir C-aðstoðardómarar urðu Andri Vigfússon, Eðvarð Eðvarðsson og Jóhann Óskar Þórólfsson.

Í árslok 2008 var lokið flokkun ABC-dómara fyrir árið 2009. Vilhjálmur Alvar Þórarinnsson mun bætast í A-hóp dómara og Frosti Viðar Gunnarsson og Smári Stefánsson munu bætast í A-hóp aðstoðardómara. Erlendur Eiríksson mun færast úr A-hópi í B-hóp. Gunnar Jarl Jónsson og Magnús Jón Björgvinsson færast upp í B-hóp dómara. Bryndís Sigurðardóttir og Halldór Breiðfjörð verða B-aðstoðardómarar. Nýir C-dómarar verða Eðvarð Atli Bjarnason, Ingi Freyr Arnarsson, Pétur Guðmundsson og Valdimar Pálsson. Einnig bætist Kristján T. Sigurðsson í hóp C-dómara úr B hópi. Nýir C-aðstoðardómarar verða Jón Magnús Guðjónsson, Kári Oddgeirsson, Marína Þórólfsdóttir, Rúnar Sigurðsson og Viðar Helgason.

### D-DÓMARAR MIKILVÆGIR

Um 70 aðrir dómarar (D-hópur) störfuðu einnig við meistaraflokksleiki, þar sem landsdómara er ekki krafist. Þetta eru mikilvæg störf sem dómarar í 3. deild karla, 1. deild kvenna, svo og sem aðstoðardómarar í Landsbankadeild kvenna og í 1. og 2. deild karla. Þess ber að geta að D-dómarar sinna einnig fjölda leikja í U23 og 2. flokki karla ásamt því að dæma í yngri flokkum, svo og í æfingaleikjum og leikjum í innanhússmótum.

### REYNDIR DÓMARAR HÆTTA STÖRFUM

Í lok sumars tilkynntu nokkrir reyndir dómarar um starfslok sín. Það voru þeir Einar Guðmundsson, Gunnar Gylfason, Jóhann Gunnarsson, Ólafur Ragnarsson og Sævar Jónsson. KSÍ þakkar þeim fyrir mikilvægt framlag til knattspyrnunnar og vonast til að njóta krafta þeirra í framtíðinni á öðrum sviðum dómaramála.

### ÞREKÆFINGAR DÓMARA

Frá miðjum nóvember 2007 hófust æfingar undir leiðsögn Egils Eiðssonar á höfuðborgarsvæðinu, og þremur aðstoðarmönnum hans sem staðsettir voru á Akureyri, Akranesi og í Reykjanesbæ. Æft var tvisvar í viku undir leiðsögn þjálfara. Að öðru leyti æfðu dómarar sjálfir eftir áætlun frá Agli. Ljóst er að dómarar voru almennt í góðu formi eftir þessar æfingar og þrekprófið frá FIFA var því í langflestum tilfellum engin fyrirstaða þegar upp var staðið.

### LANDSDÓMARARÁÐSTEFNA OG FRÆDSLUFUNDIR

Árleg ráðstefna fyrir deildardómara KSÍ fór fram í lok apríl og var haldin í Hveragerði. Útlendur fyrirlesari að þessu sinni var Jörn West Larsen frá Danmörku. Tveimur deildardómarafundum var bætt við og voru þeir haldnir í byrjun mars og í nóvember. Tveir fundir voru haldnir með dómurum úr A-hópi á keppnistímabilinu til að fara yfir það sem betur mátti fara í dómgæslunni. Fræðslufundir fyrir aðra KSÍ dómara voru haldnir að vori í Reykjavík og á Akureyri. Rune Pedersen, yfirmaður dómaramála í Noregi kom um miðjan apríl og hélt námskeið um hæfileikamótun. Á Laugarvatni voru haldin tvö námskeið fyrir unga og efnilega

dómara í tengslum við úrtökumót yngri landsliða.

## DÓMARASÁTTMÁLI UEFA

Á fundi framkvæmdastjórnar UEFA í lok janúar 2009 var samþykkt að KSÍ yrði aðili að dómarasáttmála UEFA. Sjö nýjar þjóðir voru samþykktar á þessum fundi og verður aðild KSÍ staðfest formlega með undirskrift síðar. Það var í lok árs 2006 að KSÍ sótti um aðild að sáttmálanum og hefur vinna staðið yfir síðan þá, í samvinnu við fulltrúa UEFA, að uppfylla ákvæði sáttmálans. Með aðild að dómarasáttmálanum skuldbindur KSÍ sig til þess að vinna eftir gæðakerfi UEFA í dómaramálum. Í því felst m.a. menntun dómara á öllum stigum, nýliðun dómara, umgjörð dómara og þjálfun þeirra dómara sem lengra eru komnir. Þá er einnig tekið á menntun eftirlitsmanna dómara. Þetta er mikil viðurkenning fyrir störf KSÍ að dómaramálum og mikilvægt skref til eflingar dómaramála í landinu.

## NORRÆN DÓMARASKIPTI

Norræn dómarskipti hófust 2005 í þeim tilgangi að auka þekkingu og reynslu dómara. Einar Örn Daníelsson og Eyjólfur Magnús Kristinsson tóku þátt í samstarfinu 2008 og dæmdu í næst efstu deildum í Danmörku og Færeyjum, einn leik í hvoru landi. Á Íslandi dæmdu Johan Hamlin frá Svíþjóð og Antti Munukka frá Finnlandi sinn leikinn hvor í 1. deild karla.

## ÍSLENSKIR DÓMARAR Á ALÞJÓÐLEGUM LEIKJUM

Íslenskir dómara dæmdu fjölmarga landsleiki á árinu og voru að auki dómara á fjölda leikja í Evrópumótum félagsliða. Alþjóðleg verk-

efni íslenskra dómara árið 2008 koma fram í fylgiskýrslu.

## MILLIRÍKJADÓMARAR 2008

Áskell Þór Gíslason og Jóhann Gunnar Guðmundsson komu nýir á lista yfir FIFA-aðstoðardómara í stað Eyjólfssonar og Gunnars Sverris Gunnarssonar. Á dómaraáttmálanum voru:

### FIFA-dómarar

Garðar Örn Hinriksson  
Jóhannes Valgeirsson  
Kristinn Jakobsson  
Magnús Þórisson

### FIFA-aðstoðardómarar

Áskell Þór Gíslason  
Einar Sigurðsson  
Gunnar Gylfason  
Ingvar Guðfinnsson  
Jóhann Gunnar Guðmundsson  
Oddbergur Eiríksson  
Sigurður Óli Þórleifsson

## BRYNDÍS FYRSTA ÍSLENSKA KONAN Á FIFA-LISTANUM

FIFA hefur staðfest dómaraáttmála dómaraáttmála KSÍ fyrir árið 2009. Á listanum eru tveir nýir aðstoðardómarar, þau Frosti Viðar Gunnarsson og Bryndís Sigurðardóttir, en Bryndís er fyrsta íslenska konan til að komast á FIFA dómaraáttmála. Tveir aðstoðardómarar fara af listanum, þeir Einar Sigurðsson og Gunnar Gylfason. Einar fer af listanum sökum aldurs en Gunnar hefur dregið flaggið niður.

## EFTIRLITSMENN

Alls störfuðu 36 eftirlitsmenn við 486 leiki í landsdeildum og bikarkeppnum 2008. Skiluðu þeir skýrslum um framkvæmd leikja, frammistöðu dómara og um háttvísi í Landsbankadeild karla. Námskeið voru haldin með eftirlitsmönnum í

mars í Reykjavík og á Akureyri. Einnig var haldinn sameiginlegur fundur landsdómara og valinna eftirlitsmanna í tengslum við Landsdómaraáttmála í nóvember.

## DÓMARANÁMSKEIÐ

Stjórn KSÍ tók þá ákvörðun að fella niður námskeiðsgjald á unglíngadómaraáttmála. Haldin voru yfir 30 unglíngadómaraáttmála hjá þeim félögum sem þess óskuðu. Þá buðu Fjölbrotaskóli Norðurlands Vestra, Háskólinn í Reykjavík, Verkmenntaskólinn á Akureyri og Kennaraháskóli Íslands upp á unglíngadómaraáttmála sem valfag. Aldrei hafa jafnmargir verið útskrifaðir á einu ári eða 352. Gylfi Þór Orrason og Magnús Már Jónsson héldu námskeið fyrir héraðsdómara í Reykjavík, á Akureyri og á Reyðarfirði. Alls voru þátttakendur 62. Haldin voru sérstök námskeið ætluð konum. Í ár voru þrjár konur virkar í dómgaeslu fyrir KSÍ og hafa ekki verið fleiri. Stefnt er að því að fá fleiri konur til starfa árið 2009.

## FYRSTU FEÐGAR SEM DÆMA Í EFSTU DEILD

Í maí dæmdi Þóroddur Hjaltalín sinn fyrsta leik í Landsbankadeild karla þegar hann var við stjórnvölinn á leik HK og FH á Kópavogsvelli. Þetta væri kannski ekki í frásögu færandi nema fyrir það að þarna fetaði Þóroddur í fótspor föður síns og nafna, Þórodds Hjaltalín sem var einn af fremstu dómurum landsins um árabíl. Feðgarnir, sem dæma fyrir Þór Akureyri, voru báðir í eldínunni á árinu því þó að Þóroddur eldri hafi lagt flautuna á hilluna þá sinnir hann enn störfum tengdum dómgaeslunni sem eftirlitsmaður KSÍ.

•••••

## LANDSLIÐSMÁL

### ÍSLAND Á EM !!!

Það er óhætt að segja að íslenska kvennalandsliðið hafi stolið senunni á árinu með frábærri framgöngu sinni í undankeppni og umspili fyrir úrslitakeppni EM 2009. EM-sætið er langþráður draumur sem nú er orðinn að veruleika. Karlalandsliðið hefur tekið stakkaskiptum á árinu og virðist vaxa með hverjum leik sem líður. Allt annar bragur er á leik liðsins, hópurinn virðist samstilltur og stemningin á meðal leikmanna er góð. Byrjunin á undankeppni HM 2010 lofar góðu.

### A LANDSLIÐ KARLA

Ólafur Jóhannesson tók við stjórnartaumunum á A-landsliði karla haustið 2007 af Eyjólfvi Sverrissyni og stjórnaði liðinu í lokaleik undankeppni EM 2008, gegn Dönum á Parken.

Fyrsta verkefni ársins 2008 var hins vegar æfingamót á Möltu í byrjun febrúar og var ljóst að Ólafur myndi gefa mörgum leikmönnum tækifæri í þeim leikjum, þar sem hann valdi 30 manna hóp fyrir mótið. Fyrsti leikurinn var gegn Hvít-Rússum, sem unnu með tveimur mörkum gegn engu. Næstir komu heimamenn, Maltverjar, sem unnu eins marks sigur, og var þetta þriðji sigur Möltu á Íslandi í 13 viðureignum. Loks var leikið gegn Armenum og var það eini leikdagurinn sem var opinber leikdagur A-landsliða. Fyrsti sigur liðsins undir stjórn Ólafs leit dagsins ljós, sem og fyrstu mörkin. Eyjamennirnir Tryggvi Guðmundsson og Gunnar Heiðar Þorvaldsson skoruðu mörk Íslands í leiknum og tveggja marka sigur var fyllilega verðskuldaður.

Um miðjan mars komu Færeyingar í heimsókn. Ekki var um opinberan leikdag A-landsliða að ræða, þannig að bæði liðin voru að mestu skipuð leikmönnum sem léku í íslensku og færeysku deildunum. Leikurinn fór fram í knattspyrnuhúsinu Kórnum í Kópavogi, og er þetta í fyrsta sinn sem A-landsleikur karla fer fram innandyra. Ísland vann öruggan sigur, 3-0 með marki frá Jónasi Guðna Sævarssyni, sjálfsmarki Færeyinga, og Tryggva Guðmundssyni, sem þarna skoraði í öðrum leiknum í röð. Þetta er stærsti sigurinn á hinum færeysku frændum okkar í 23 ár.

Í lok mars var svo leikinn vináttulandsleikur við Slóvaka ytra. Íslenska liðið lék feykivel í þeim leik og vann 2-1 sigur með tveimur frábærum mörkum í seinni hálfleik. Fyrst skoraði Gunnar Heiðar Þorvaldsson annað mark sitt á árinu og síðan bætti Eiður Smári Guðjohnsen öðru marki við. Heimamenn náðu að minnka muninn undir lokin og settu nokkra pressu á íslenska markið það sem eftir lifði leiks, en vörnin hélt og góður sigur á sterku liði Slóvaka staðreynd.

Næsti vináttulandsleikur fór svo fram á Laugardalsvelli gegn Wales í lok maí, ekki á alþjóðlegum leikdegi, og var þetta fyrsti leikur liðsins undir stjórn Ólafs Jóhannessonar á þjóðarleikvanginum. Íslenska liðið var mun betra í leiknum en náði ekki að skora. Lið Wales gerði hins vegar eina mark leiksins undir lok fyrri hálfleiks.

Aftur lék liðið vináttulandsleik á Laugardalsvelli, nú um miðjan ágúst á alþjóðlegum leikdegi, gegn Aserbaídsjan. Leikurinn var heldur tilþrífalítill og 1-1 jafntefli sannaðgjörn úrslit. Gestirnir skoruðu í byrjun síðari hálfleiks, en Grétar Rafn Steinsson jafnaði metin 10 mínútum síðar. Þetta var síðasti

æfingaleikurinn fyrir átök haustsins í undankeppni HM 2010.

Undankeppni HM 2010 fór vel af stað. Fyrsti leikurinn var í byrjun september, á útivelli gegn Norðmönnum í Osló. Íslenska liðið átti mjög góðan leik og var í raun mjög óheppið að landa ekki öllum þremur stigunum. Heimamenn náðu forystunni í fyrri hálfleik með marki úr heldur ódýrri vítaspyrnu, en Heiðar Helguson jafnaði metin skömmu síðar með góðum skalla eftir aukaspyrnu. Norðmenn náðu aftur forystu snemma í seinni hálfleik með skallamarki eftir misskilning í íslensku vörninni. Eiður Smári Guðjohnsen jafnaði metin að nýju með glæsilegu marki, þrumuskoti beint úr aukaspyrnu um miðjan seinni hálfleik. Eftir þetta skiptust liðin á að sækja og Veigar Páll Gunnarsson var óheppinn að tryggja ekki íslenska liðinu öll stigin í leiknum þegar hann átti frábært skot í stöng norska marksins þegar um 5 mínútur lifðu af leiknum.

Fjórum dögum síðar voru Skotar í heimsókn á Laugardalsvelli. Eins og svo oft fylgja fjölmargir dyggir stuðningsmenn Skotum í útileiki og var stemningin á vellinum mögnuð. Íslenska liðið lék vel í leiknum og hefði með réttu átt að fá a.m.k. eitt stig, ef ekki öll stigin þrjú. Okkar strákar fengu fjölmörg færi á fyrsta korteri leiksins, en inn vildi boltinn ekki. Gestirnir náðu forystunni skömmu síðar, gegn gangi leiksins og leiddu í hálfleik. Íslenska liðið hóf síðari hálfleikinn eins og þann fyrri, en aftur voru það Skotar sem skoruðu og voru þar með komnir með tveggja marka forystu og útlitið ekki bjart. Þegar um 15 mínútur voru eftir af leiknum fékk Ísland dæmda vítaspyrnu og var einum leikmanni Skota vísað af leikvelli í kjölfarið. Eiður Smári Guðjohnsen tók vítaspýrnuna og skoraði af miklu öryggi. Það sem eftir lifði

leiks lágu Skotar í vörn, undir stöðugri pressu íslenska liðsins. Allt kom fyrir ekki, skoska vörnin hélt og gestirnir fóru heim með þrjú stig í farteskinu.

Í október lék Ísland tvo leiki í undankeppninni. Fyrst gegn Hollendingum í Amsterdam, sem hafa á gríðarlega sterku landsliði að skipa. Hollenska liðið gerði eitt mark í hvorum hálfleik og vann sanngjarnan sigur, en íslenska liðið gat þó borið höfuðið hátt í leikslok, enda fengu Hollendingar ekki mörg færi og með smá heppni hefði íslenska liðið einnig getað skorað, enda náðu íslensku leikmennirnir að skapa sér nokkur góð færi. Leikurinn í heild var nokkuð jákvæður og gott veganesti fyrir heimaleikinn gegn Makedóníu á Laugardalsvelli fjórum dögum síðar.

Makedónar eru af mörgum taldir vera með næst sterkasta liðið í riðlinum á eftir Hollendingum og því var ljóst að erfiður leikur beið Íslendinga. Svo fór þó að íslenska liðið vann sinn fyrsta sigur í undankeppninni og náði að hleypta miklu lífi í riðilinn, sem er nú galopinn og spennandi. Það var Veigar Páll Gunnarsson sem gerði eina mark leiksins eftir um 15 mínútna leik og þrátt fyrir mikla sókn Makedóna náðu þeir ekki að finna nógu stóra glufu á íslensku vörninni, sem hélt hreinu í leiknum.

**Staðan í riðlinum**

Lið	L	U	J	T	Mörk	Net	Stig
1 Holland	3	3	0	0	5 - 1	4	9
2 Skotland	3	1	1	1	2 - 2	0	4
3 Ísland	4	1	1	2	4 - 6	-2	4
4 Makedónía	3	1	0	2	2 - 3	-1	3
5 Noregur	3	0	2	1	2 - 3	-1	2

Síðasti leikur ársins var svo vináttulandsleikur gegn Möltu ytra. Ísland náði að hefna fyrir ósigurinn í febrúar með eins marks sigri, og var það Heiðar Helguson sem skoraði mark Íslands um miðjan seinni hálfleik.

**U21 LANDSLIÐ KARLA**

U21 landslið karla, undir stjórn Luka Kostic, lék fimm leiki á árinu, þrjá í undankeppni EM og tvo vináttuleiki.

Fyrsti leikur ársins var í febrúar gegn Kýpur á útivelli í undankeppni EM. Sá leikur tapaðist 0-2 þrátt fyrir stífar sóknir íslenska liðsins og fjölmörg góð færi. Mörk heimamanna komu með stuttu millibili í byrjun síðari hálfleiks, það fyrra úr vítaspyrnu og það síðara eftir hornsþyrnu.

Margir nýliðar fengu tækifæri í vináttuleik gegn Norðmönnum að Hlíðarenda í júní. Norska liðið var mun sterkara en íslenska liðið í leiknum og vann öruggan 4-1 sigur. Annar vináttuleikur fór fram í ágúst og nú gegn Dönum á KR-vellinum. Aftur fengu margir nýliðar tækifæri og aftur beið íslenska liðið lægri hlut, að þessu sinni með tveimur mörkum gegn engu.

Undankeppni EM lauk með tveimur leikjum í september. Fyrst var leikið gegn Austurríki í Schwaz. Austurríkismenn, sem voru langefstir í riðlinum, unnu heppnissigur með sjálfsmarki Íslendinga á upphafsmínútnum. Íslenska liðið var sterkari aðilinn í leiknum og gerði harða hríð að marki heimamanna, en inn vildi knötturinn ekki.

Lokaleikurinn var síðan heima-leikur gegn Slóvökum á Víkingsvelli í Reykjavík. Íslenska liðið náði forystu um miðjan fyrri hálfleik, en varð síðan fyrir því óláni að missa mann af velli með rautt spjald undir lok fyrir hálfleiks og fékk á sig jöfnunarmark úr vítaspyrnu í kjölfarið. Manni færri allan seinni hálfleikinn varðist íslenska liðið af krafti, hélt út og krækti í eitt stig.

Ísland tapaði aðeins þremur leikjum af 8 í riðlinum, en tvö þessara tapa komu gegn Kýpverjum, sem höfnuðu í neðsta sæti riðilsins. Íslenska liðið hafnaði því í 4. sæti af fimm liðum.

**U19 LANDSLIÐ KARLA**

Kristinn Rúnar Jónsson þjálfaði U19 landslið karla á árinu, en hann tók við stjórnartaumunum um mitt ár 2007.

U19 liðið skipað leikmönnum fæddum 1989 og síðar komst áfram úr sínum riðli í undankeppni EM haustið 2007 og lék því í milliriðli í Noregi um mánaðamótin apríl-maí ásamt heimamönnum, Búlgörum og Ísraelum. Til undirbúnings fyrir þetta mót fór liðið í æfingabúðir til Keflavíkur um páskahegina. Fyrsti leikurinn var gegn Norðmönnum og vann íslenska liðið frækinn 3-2 sigur. Í öðrum leiknum voru Ísraelar mótherjarnir. Mikil barátta var í leiknum, fá mark-tækifæri litu dagsins ljós og skoruðu Íslendingar eina markið í leiknum eftir 7 mínútur. Lokaleikurinn var gegn Búlgörum og var það hreinn úrslitaleikur um hvort liðið kæmist í úrslitakeppnina í Tékklandi síðar um sumarið. Búlgarir komust yfir í fyrri hálfleik og leiddu þegar liðin gengu til búningsherbergja. Baráttan var hörð í síðari hálfleik. Búlgarir bættu við öðru marki í uppbótartíma, en örstuttu síðar skoruðu Íslendingar úr vítaspyrnu og þar við sat. Búlgarir fengu 9 stig, Íslendingar 6, Norðmenn 3 og Ísraelar ekkert stig.

U19 liðið, skipað leikmönnum fæddum 1990 og síðar, lék tvo vináttuleiki við Norður-Íra ytra í byrjun september. Töpuðust báðir leikirnir 2-0.

Í undankeppni EM var íslenska liðið í riðli með Austurríki, Make-

dónú og Svíþjóð og var leikið í Skopje um miðjan október. Fyrsti leikurinn var gegn Svíum og var það hörkuleikur sem lauk með 3-3 jafntefli. Annar leikurinn var gegn Austurríki, sem vann með þremur mörkum gegn engu eftir að hafa haft tveggja marka forystu í hálfleik. Þriðji leikurinn var gegn heimamönnum og urðu lokatölur 1-0 fyrir heimamenn eftir markalausan fyrri hálfleik. Austurríkismenn og Svíar hlutu 5 stig hvor þjóð og komust áfram í milliriðla, Makedóníumenn hlutu 4 stig, en Íslendingar ráku lestina með 1 stig.

U19 liðið skipað leikmönnum fæddum 1991 og síðar tók þátt í æfingamóti í Tékklandi síðari hluta ágúst. Þátttökuliðunum var skipt í tvo riðla og var íslenska liðið í riðli með heimamönnum, Norðmönnum og Ungverjum. Fyrsti leikurinn var gegn Tékkum, sem unnu 2-0 sigur eftir að hafa leitt þannig í hálfleik. Annar leikurinn var gegn Norðmönnum sem höfðu betur 2-1, eftir að Íslendingar höfðu leitt í hálfleik. Þriðja leiknum lauk með markalausum jafntefli við Ungverjaland. Íslenska liðið hlaut því eitt stig og komst ekki upp úr riðlinum, en Norðmenn og Tékkar fengu 6 stig og Ungverjar 4.

## U17 LANDSLIÐ KARLA

U17 lið karla, undir stjórn Luka Kostic, tók þátt í Opna Norðurlandamótinu, sem var að þessu sinni haldið í Svíþjóð 28. júlí - 2. ágúst og var íslenska liðið í riðli með Norðmönnum, Englendingum og Finnum. Fyrsti leikurinn var gegn Norðmönnum. Á fyrstu mínútu leiksins fékk íslenska liðið dæmda á sig vítaspyrnu og var einum leikmanni vísað af leikvelli í kjölfarið. Þrátt fyrir mikla baráttu Íslendinga höfðu Norðmenn 4-1 sigur. Annar leikurinn var gegn Englandi og gerðu þeir ensku eina mark leiksins. Síðasti leikurinn í

riðlinum var síðan gegn Finnum. Íslenska liðið var sterkari aðilinn í leiknum alveg frá byrjun og sótti grimmt, en mörkin létu á sér standa. Á síðustu 5 mínútum leiksins brustu flóðgáttirnar og Íslendingar gerðu þrjú mörk áður en yfir lauk. Íslenska liðið hafnaði í 3. sæti síns riðils og lék því um 5. sætið og voru andstæðingarnir Skotar, sem gerðu eina mark leiksins í uppbótartíma og varð því 6. sætið hlutskipti Íslendinga að þessu sinni. Norðmenn urðu Norðurlandameistarar eftir sigur á Svíum í úrslitaleiknum, Danir fengu brons eftir góðan sigur á Englendingum og Finnar unnu Færeyinga í leik um 7. sætið.

KSÍ tók að sér að halda riðil Íslands í undankeppni EM og var Ísland í riðli með Norðmönnum, Svisslendingum og Úkraínumönnum. Leikið var á þremur völlum í Reykjavík, á Akranesi og í Grindavík í lok september. Fyrsti leikur Íslands var gegn Svisslendingum á Akranesvelli og unnu gestirnir 2-1. Annar leikurinn var gegn Úkraínu á KR-velli og aftur tapaði Ísland 1-2. Þriðji leikurinn var gegn Norðmönnum á Vodafone-vellinum og lauk þeim leik með markalausum jafntefli. Noregur og Sviss fóru áfram í milliriðla með 5 stig hvort land, en Norðmenn urðu efstir í riðlinum á markatölu. Úkraínsmenn komu næstir með fjögur stig en Íslendingar hlutu eitt stig.

## ÚRTÖKUMÓT

Hið árlega úrtökumót drengja fór fram að Laugarvatni í ágúst. Þar komu saman á sjöunda tug leikmanna og fór mótið að venju vel fram. Úrtökumót þetta var haldið vegna vals á drengjum sem eru gjaldgengir í U17 liðið 2009.

## 24 ÞJÓÐIR Í ÚRSLITAKEPPNI EM FRÁ 2016

Á fundi sínum í september samþykkti framkvæmdastjórn UEFA að fjölga þjóðum í úrslitakeppni EM frá 2016. Þetta þýðir að 24 þjóðir fara í úrslitakeppnina í stað 16 þjóða áður. Keppt verður í sex fjögurra þjóða riðlum og fara tvær efstu þjóðir hvers riðils áfram í 16-liða úrslit, ásamt þeim fjórum þjóðum sem verða með bestan árangur í þriðja sæti riðlanna. Þetta þýðir fjölgun leikja í úrslitakeppninni um 20 leiki, leikirnir verða 51 talsins í stað 31 áður. Keppnin mun því lengjast við þetta og mun standa yfir í allt að 31 dag. Fyrirkomulag undankeppni EM verður með sama sniði þar sem ýmist er keppt í 5 eða 6 liða riðlum. Með þessu fyrirkomulagi verður fyrst keppt árið 2016 en næsta úrslitakeppni EM fer fram í Póllandi og Úkraínu árið 2012.

## ATVINNUMENN ERLENDIS

Vel á sjötta tug Íslendinga eru í dag atvinnumenn með erlendum liðum og hefur þessi fjöldi haldist nokkuð stöðugur undanfarin ár. Flestir leika á Bretlandseyjum og í Skandinavíu, en íslenskir leikmenn eru einnig hjá liðum á Spáni, á Ítalíu, í Hollandi, Belgíu og jafnvel Búlgaríu. Hér að neðan er stiklað á stóru um nokkra þessara leikmanna.

Enn einn Íslendingurinn gekk til liðs við enskt úrvalsdeildarlið þegar Siglfirðingurinn Grétar Rafn Steinsson var keyptur frá AZ Alkmaar í Hollandi til Bolton Wanderers. Grétar festi sig strax í sessi sem hægri bakvörður liðsins og hefur vakið mikla athygli fyrir framgöngu sína. Heiðar Helguson var einnig á mála hjá Bolton, en á haustmánuðum gekk hann til liðs við QPR, sem leikur í ensku 1. deildinni.

Hermann Hreiðarsson var lykilmaður í liði Portsmouth, sem hrósaði sigri í ensku bikarkeppninni vorið 2008. Hermann er fyrstur Íslendinga til að vinna þessa elstu og virtustu bikarkeppni í heimi. Aron Einar Gunnarsson, ungur og efnilegur leikmaður sem vann sér fast sæti í íslenska landsliðshópnum á árinu, gekk til liðs við Coventry í ensku 1. deildinni og hefur vakið mikla athygli þar fyrir vaska framgöngu.

Eiður Smári Guðjohnsen lék sem fyrr með spænska stórliðinu Barcelona og kom nokkuð við sögu. Þjálfarskipti áttu sér stað hjá Börsungum um sumarið og töldu margir að Eiður myndi fara frá félaginu, en hann varð um kyrrt og er greinilega inni í myndinni hjá nýjum þjálfara liðsins.

Emil Hallfreðsson lék áfram með ítalska Serie-A liðinu Reggina og er hann fyrsti Íslendingurinn til að leika í deildinni þar í landi síðan Albert Guðmundsson lék með AC Milan um miðja síðustu öld.

Íslenskir leikmenn léku að venju lykilhlutverk hjá liðum í Noregi, Svíþjóð og Danmörku. Veigar Páll Gunnarsson var lykilmaður í sóknarlínu Stabæk, sem varð norskur meistari í fyrsta sinn í sögu félagsins, og þar lék Pálmi Rafn Pálmason einnig stórt hlutverk á lokasprettinum. Veigar skipti um félag í janúar 2009 og gekk til liðs við franska liðið Nancy. Fimm íslenskir leikmenn eru á mála hjá norska liðinu Brann – þeir Ólafur Örn Bjarnason, Ármann Smári Björnsson, Birkir Már Sævarsson, Kristján Örn Sigurðsson og Gylfi Einarsson. Garðar Jóhannsson var markahæsti leikmaður Fredrikstad í norsku deildinni. Stefán Gíslason gegndi stöðu fyrirliða í danska liðinu Brøndby og Sölvi Geir Ottesen var einnig fyrirliði hjá sínu liði, Sønderjyske.

Garðar B. Gunnlaugsson gekk til liðs við búlgarska liðið CSKA Sofia, og er hann fyrsti Íslendingurinn til að leika þar í landi.

### EIÐUR SMÁRI KOMINN Í 50 LEIKJA KLÚBBINN

Eiður Smári Guðjohnsen náði þeim áfanga á árinu að leika sinn 50. A-landsleik fyrir Íslands hönd. Áfanganum náði hann í vináttu-landsleik gegn Slóvökum í mars. Eiður skoraði einnig í leiknum og hefur nú alls skorað 22 mörk í 55 landsleikjum og er langmarkahæsti A-landsliðsmaður Íslands frá upphafi. Þrír leikmenn náðu þeim áfanga að leika sinn 25. leik á árinu – þeir Veigar Páll Gunnarsson, Grétar Rafn Steinsson og Stefán Gíslason.

### HERMANN ORÐINN NÆST LEIKJAHÆSTUR

Hermann Hreiðarsson tók við fyrirliðabandinu hjá A-landsliði karla á árinu. Hermann er mikill leiðtogi innan vallar sem utan og hlutverk fyrirliðans hentar honum mjög vel. Hann er nú orðinn næst leikjahæsti leikmaður A-landsliðs karla frá upphafi með 82 leiki. Aðeins Rúnar Kristinsson hefur leikið fleiri leiki, eða 104.

### 100 LEIKMENN LÉKU MEÐ YNGRI LANDSLIÐUM KARLA

Það voru 100 leikmenn sem léku landsleiki með yngri landsliðum karla á árinu. 39 leikmenn úr 15 íslenskum félögum og 11 erlendum léku með U21 landsliðinu í 5 leikjum þess á árinu. 54 leikmenn úr 20 íslenskum félögum og 5 erlendum félögum léku með U19 í 11 leikjum þess á árinu. 22 leikmenn úr 15 íslenskum félögum og 1 erlendu léku með U17 í 7 leikjum þess á árinu. Nokkrir

leikmenn léku með tveimur landsliðum á árinu og því eru þetta 100 leikmenn sem léku með þessum 3 liðum á árinu og koma þeir úr 24 íslenskum félögum og 11 erlendum.

### A LANDSLIÐ KVENNA

Sigurður Ragnar Eyjólfsson hélt um stjórnartaumana hjá A-landsliði kvenna. Guðni Kjartansson var aðstoðarþjálfari Sigurðar.

Fyrsta verkefni ársins var Algarve Cup í Portúgal þar sem íslenska liðið lék fjóra leiki. Fyrsti leikurinn á mótinu var gegn Póllandi þar sem öruggur 2-0 sigur vannst. Mörk Íslands gerðu þær Dóra Stefánsdóttir og Margrét Lára Viðarsdóttir. Annar leikur liðsins var gegn Írlandi og vann íslenska liðið öruggan 4-1 sigur. Mörk Íslands gerðu þær Erla Steina Arnardóttir, Margrét Lára Viðarsdóttir (2) og Sara Björk Gunnarsdóttir. Í þriðja leik liðsins, gegn Portúgölum, varð niðurstaðan 3-0 sigur með mörkum Margrétar Láru (2) og Katrínar Jónsdóttur fyrirliða. Lokaleikur íslenska liðsins var gegn Finnum og vann Ísland 3-0 sigur með mörkum Margrétar Láru, Rakelar Hönnudóttur og Guðrúnar Sóleyjar Gunnarsdóttur.

Lokaundirbúningur íslenska liðsins fyrir riðlakeppni EM voru tveir vináttuleikir við Finna ytra í byrjun maí. Báðum leikjum lyktaði með jafntefli, fyrri leikurinn fór 1-1 og sá síðari 0-0. Edda Garðarsdóttir skoraði mark Íslands í Finnlandsferðinni.

Fyrsti leikur Íslands í riðlakeppninni á árinu var gegn Serbíu ytra í lok maí og sigraði íslenska liðið örugglega í leiknum, 4-0. Mörk Íslands gerðu þær Margrét Lára Viðarsdóttir (2), Sara Björk Gunnarsdóttir og Katrín Ómarsdóttir.



Í júní var röðin komin að tveimur heimaleikjum. Í þeim fyrri voru Slóvenar lagðir 5-0 með þrennu frá Margréti Láru Viðarsdóttir og mörkum frá Katrínu Jónsdóttur og Katrínu Ómarsdóttur. Í síðari leiknum voru Grikkir lagðir með 7 mörkum gegn engu, stórsigur og mjög miklir yfirburðir íslenska liðsins. Hólmfríður Magnúsdóttir skoraði þrennu í leiknum, en hin mörkin gerðu þær Sara Björk Gunnarsdóttir, Margrét Lára Viðarsdóttir (2) og Katrín Ómarsdóttir. Framundan var hreinn úrslitaleikur við Frakkland þar sem íslenska liðinu dugði jafntefli til að komast í úrslitakeppni EM.

Í lok september lá leið íslenska liðsins til Frakklands þar sem leikið var í La Roche Sur Yon. Aldrei hefur íslenska liðið fengið jafnmikinn stuðning á útivelli og jafnmikla athygli fjölmiðla. Þrátt fyrir þennan stuðning og hetjulega baráttu tapaði íslenska liðið 1-2 og varð því að leika aukaleiki um sæti á EM. Katrín Jónsdóttir skoraði mark Íslands gegn Frökkum.

**Lokastaðan í riðlinum**

Lið	L	U	J	T	Mörk	Net	Stig
1 Frakkland	8	7	0	1	31 - 2	29	21
2 Ísland	8	6	0	2	27 - 4	23	18
3 Slóvenía	8	4	0	4	14 - 24	-10	12
4 Serbía	8	2	0	6	11 - 24	-13	6
5 Grikkland	8	1	0	7	7 - 36	-29	3

Í byrjun október var dregið um mótherja í aukaleikjum um sæti í úrslitakeppninni. Ísland dróst gegn Írlandi. Fyrri leikur var leikinn í Dublin og fóru leikar 1-1. Hólmfríður Magnúsdóttir skoraði mark Íslands. Þann 30. október rann síðan upp dagurinn sem lengi hafði verið beðið eftir. Við mjög erfiðar aðstæður á Laugardalsvelli sýndi íslenska liðið hvað í því bjó og lagði Íra örugglega 3-0. Mörk Íslands skorðu þær Dóra María Lárusdóttir (2) og Margrét Lára Viðarsdóttir. Langþráður draumur rættist og fögnuðurinn var gífurlegur. Ísland var komið á EM!

**U19 LANDSLIÐ KVENNA**

Ólafur Þór Guðbjörnsson þjálfaði U19 landslið kvenna, eins og hann hefur gert alveg frá árinu 1999. Ólafur hefur stjórnað liðinu í öllum leikjum þess nema einum, þeim fyrsta.

Í mars lék liðið (leikmenn fæddir 1989 og síðar) tvo vináttuleiki við Íra ytra og voru leikirnir undirbúningur liðsins fyrir milliriðla EM. Fyrri leikurinn gekk vel og sigraði Ísland í leiknum 1-0. Skemmst er frá því að segja að síðari leikurinn gekk skelfilega, og varð niðurstaðan átta marka tap. Í apríl lék liðið í Belgíu í milliriðli fyrir EM. Fyrsti leikurinn var gegn liði heimamanna og tapaðist hann 0-1. Í öðrum leik liðsins varð niðurstaðan 2-2 jafntefli, gegn Póllandi. Íslenska liðið tapaði síðan lokaleik sínum í riðlinum gegn Englandi 0-1. Liðið hafnaði því í 3. sæti riðilsins sem voru ákveðin vonbrigði.

Í september tók nýtt U19 lið (leikmenn fæddir 1990 og síðar) þátt í undankeppni EM 2009 og fór riðill Íslands fram í Ísrael. Fyrsti leikur liðsins var gegn liði heimamanna og vann íslenska liðið 2-1. Annar leikurinn var gegn Grikkjum og aftur vannst 2-1 sigur. Íslenska liðið tapaði hins vegar stórt í síðasta leik sínum í riðlinum, gegn Írum 1-5. Þessi árangur tryggði þó Íslandi sæti í milliriðli EM sem fram fer í apríl 2009. Þar leikur íslenska liðið í riðli með Svíþjóð, Danmörku og Póllandi og fer riðillinn fram í Póllandi.

**U17 LANDSLIÐ KVENNA**

Krístún Lilja Daðadóttir var við stjórnvölinn hjá U17 kvenna.

Í mars lék U17 liðið (leikmenn fæddir 1991 og síðar) í milliriðlum EM og fór riðill Íslands fram við

erfiðar vallar- og vetraraðstæður í Danmörku. Íslenska liðið var á skotskónum í riðlinum en það dugði ekki til. Fyrsti leikur liðsins var gegn Rússlandi og tapaðist 3-4. Annar leikurinn var gegn Dönnum og tapaðist hann 2-4. Síðasti leikur liðsins tapaðist einnig, 2-4 gegn Fínum. Mörg mörk skorud, en enn fleiri fengin á sig.

Í lok júní hófst Opna Norðurlandamótið á Íslandi, en þar léku leikmenn fæddir 1992 og 1993. Leikið var á Suðurlandi, á Suðurnesjum og í Reykjavík. Íslenska liðið hóf leik á Selfossi og tapaði naumlega 0-1 gegn Dönnum. Annar leikur liðsins var gegn Norðmönnum í Þorlákshöfn þar sem íslenska liðið tapaði stórt, 2-6. Lokaleikur Íslands í riðlinum fór fram á Hvolsvelli þar sem liðið tapaði 0-2 fyrir Þýskalandi. Íslenska liðið lék því um sjöunda sætið við Svíþjóð á ÍR-velli og vann langþráðan 2-0 sigur. Þýskaland reyndist vera með yfirburðalið á mótinu og vann alla leiki sína af fádæma öryggi.

Þá lék Ísland (leikmenn fæddir 1992 og 1993) í forkeppni EM í október á Ítalíu og hóf leik með naumu 0-1 tapi gegn sterku liði Frakka, og kom mark Frakklands í uppbótartíma. Annar leikur liðsins tapaðist einnig 0-1, að þessu sinni gegn heimaliði Ítala. Í lokaleik sínum í riðlinum gerði íslenska liðið 0-0 jafntefli gegn Aserum. Aðeins tvö mörk fengin á sig, en ekkert mark skorað. Liðið komst því ekki áfram í milliriðla.

**Í STERKASTA RIÐLINUM Á EM Í FINNLANDI**

Í nóvember var dregið í riðla í úrslitakeppni Evrópumóts A landsliða kvenna og verður íslenska liðið í riðli með Þýskalandi, Frakklandi og Noregi. Óhætt er að segja að þessi riðill sé sá sterkasti í úrslita-

keppninni og bíður mjög erfitt verkefni íslensku leikmannanna. Fyrsti leikurinn verður gegn Frakklandi 24. ágúst 2009.

### GUÐRÚN SÓLEY KOMIN Í 50 LEIKI

Guðrún Sóley Gunnarsdóttir náði þeim merka áfanga á árinu að leika sinn 50. A-landsleik. Ásta Árnadóttir og Erla Steina Arnardóttir léku sína 25. A landsleiki á árinu.

### KATRÍN LEIKJAHÆST

Katrín Jónsdóttir, fyrirlíði íslenska landsliðsins, er orðin leikjahæsti leikmaður kvennalandsliðs Íslands frá upphafi. Hún lék sinn sjötugasta leik á árinu og sló þar með leikjамет Ásthildar Helgadóttur. Alls hefur Katrín nú leikið 78 A-landsleiki fyrir Íslands hönd.

### MARGRÉT L. MARKAHÆST Í UNDANKEPPNI EM 2009

Margrét Lára Viðarsdóttir skoraði 11 mörk fyrir íslenska landsliðið í leikjunum átta í riðlakeppninni fyrir EM 2009. Þar með varð Margrét Lára markahæsti leikmaðurinn í öllum riðlum undankeppninnar.

### 10 MILLJÓNIR FYRIR SÆTI Í ÚRSLITAKEPPNI EM 2009

Stjórn KSÍ ákvað á fundi sínum í janúar 2007 að kvennalandsliði myndi fá 10 milljóna króna afreksstyrk kæmist liðið í úrslitakeppni EM 2009, sem myndi skiptast milli þeirra leikmanna sem taka þátt í riðlakeppninni. Nú er sætið í úrslitakeppninni staðreynd og þessi styrkur kom sér eflaust vel fyrir leikmenn liðsins.

### KSÍ HLAUT AFTUR STYRK ÚR AFREKSKVENNASJÓÐI

Í desember var úthlutað úr Afrekskvennasjóði Glitnis og ÍSÍ í annað sinn. KSÍ hlaut eina milljón króna vegna undirbúnings og þátttöku kvennalandsliðsins í úrslitakeppni Evrópumóts kvenna í knattspyrnu sem fram fer í Finnlandi 2009. KSÍ hlaut einnig styrk úr sjóðnum þegar fyrst var úthlutað úr honum, og þá einnig eina milljón króna, vegna þátttöku kvennalandsliðsins í undankeppni EM 2009. Afrekskvennasjóður Glitnis og ÍSÍ hefur það að markmiði að styðja við bakið á afrekskonum í íþróttum og gera þeim betur kleift að stunda sína íþrótt og ná árangri.

ÍSÍ hefur jafnframt á undanförunum árum úthlutað 4 milljónum króna á ári úr afreksjóði vegna A landsliðs kvenna og einni milljón króna úr sjóði ungra og efnilegra íþróttamanna vegna verkefna yngri landsliða.

### OPIÐ NORÐURLANDAMÓT U17 KVENNA Á ÍSLANDI

Opið Norðurlandamót U17 landsliða kvenna fór fram hér á landi 30. júní til 5. júlí. Riðlakeppnin fór fram á Suðurlandi og á Suðurnesjum, en leikir um sæti á höfuðborgarsvæðinu. Alls tóku átta þjóðir þátt í mótinu og var þeim skipt í tvo riðla. Mót sem þetta er gríðarlega umfangsmikið verkefni og gæti ekki gengið upp án þess mikla fjölda sjálfboðaliða sem kemur að skipulagi og framkvæmd mótsins. Móttökur á öllum leikstöðum voru til mikillar fyrirmyndar og var ánægjulegt að sjá hversu mikinn metnað knattspyrnufólk þessara staða setti í undirbúning og framkvæmd leikja. Ítarlega umsögn um skipulag og framkvæmd mótsins er að finna í fylgiskýrslu.

### FYRSTA ÚRTÖKUMÓTIÐ FYRIR STÚLKUR

Á árinu var í fyrsta sinn haldið úrtökumót stúlkna og fór það fram að Laugarvatni í ágúst eins og hjá drengjunum. Á þessu úrtökumóti stúlkna komu saman u.þ.b. 40 leikmenn og fór mótið vel fram. Úrtökumót þetta var haldið vegna vals á stúlkum sem eru gjaldgengar í U17 liðið 2009.

### 56 LEIKMENN LÉKU MEÐ YNGRI LIÐUM KVENNA

Það voru 56 stúlkur sem léku með yngri landsliðum kvenna á árinu 2008. 32 leikmenn úr 13 íslenskum félögum og 1 erlendu léku með U19 landsliði kvenna í 8 landsleikjum þess á árinu. 29 leikmenn úr 14 íslenskum félögum léku með U17 landsliði kvenna í 10 landsleikjum þess á árinu. Nokkrar stúlkur léku með báðum liðum og voru þetta því 56 leikmenn sem léku landsleiki á árinu úr 18 íslenskum félögum og einu erlendu.

### KONUR Í ATVINNUMENNSKU

Dóra Stefánsdóttir lék sitt þriðja tímabil með sænska liðinu Malmö og tók þátt í öllum leikjum Malmö nema tveimur. Dóra skoraði 6 mörk á tímabilinu – þrennu í tveimur leikjum í röð.

Markvörðurinn Þóra B. Helgadóttir lék með belgíska liðinu Anderlecht og gegndi þar algjöru lykilhlutverki. Hún lék alla 26 leiki liðsins í deildinni og skoraði að auki eitt mark úr vítaspyrnu.

Erla Steina Arnardóttir lék lykilhlutverk með sænska liðinu Kristiansand og var í byrjunarliðinu í 20 af 22 leikjum. Í norsku úrvalsdeildinni lék Björg Bjarnadóttir áfram lykilhlutverk með liði Klepp.

Það þarf ekki að koma á óvart að erlend félagslið hafi sýnt íslenskum leikmönnum áhuga eftir frábæran árangur landsliðsins í undankeppni og umspili fyrir EM 2009. Búast má við því að talsvert fleiri konur en þær sem getið er hér að ofan verði í atvinnumennsku á árinu 2009, sem skilar þeim leikmönnum vonandi enn sterkari inn í úrslitakeppni EM í ágúst. Svíþjóð virðist vera vinsælasti áfangastaðurinn, enda er deildin þar í landi ein sú allra sterkasta í heimi kvennaknattspyrnunnar.

### STYRKLEIKALISTAR FIFA

A-landslið karla var í 83. sæti á styrkleikalista FIFA í lok ársins 2008 og hækkaði því um sjö sæti frá árinu á undan. Listinn er gefinn út mánaðarlega. Liðið var nokkuð stöðugt á listanum framan af ári, tók mikla dýfu seinnipart sumars, en náði að vinna sig aftur upp á við með nokkrum góðum úrslitum. A-landslið kvenna var í 19. sæti í lok árs á styrkleikalista FIFA fyrir kvennalandslið sem gefinn er út þrisvar sinnum á ári, og hækkaði því um tvö sæti milli ára.

### MET Í FJÖLDA LANDSLEIKJA Á EINU ÁRI

Ljóst er að aldrei hafa landslið Íslands leikið fleiri landsleiki en á árinu 2008. Samanlagt léku landslið Íslands 65 landsleiki. Árið 2007 voru spilaðir 62 landsleikir og höfðu þá aldrei fleiri leikir verið leiknir á einu ári. Landsleikirnir skiptast þannig niður á liðin:

<i>A landslið kvenna:</i>	12 leikir
<i>A landslið karla:</i>	12 leikir
<i>U21 karla:</i>	5 leikir
<i>U19 kvenna:</i>	8 leikir
<i>U19 karla:</i>	8 leikir
<i>U18 karla:</i>	3 leikir
<i>U17 kvenna:</i>	10 leikir
<i>U17 karla:</i>	7 leikir

### FRÁBÆR AÐSÓKN AÐ KVENNALANDSLEIKJUM

Aðsókn að heimalandsleikjum kvennalandsliðsins hefur hreint út sagt verið með ólíkindum í undankeppninni fyrir EM 2009. Stelpurnar okkar hafa svo sannarlega náð að hrífa knattspyrnuáhugafólk með sér og stuðningsmenn hafa streymt á völinn til að hjálpa þeim að láta drauminn um EM sætið rætast. Og sú varð raunin.

Meðalaðsókn á heimaleikina fimm, þ.e. fjóra leiki í riðlinum og einn leik í umspili, er 4.323 áhorfendur. Áhorfendamet var sett eins og kunnugt er þegar Serbía kom í heimsókn sumarið 2007 og er það því fjölmennasti leikurinn. Fæstir komu á fyrsta heimaleikinn í undankeppni EM, gegn Frökkum, en eftir þann leik varð ekki aftur snúið. Eins var algjörlega ótrúlegt að hátt í 5 þúsund manns skyldu mæta á leikinn við Írland í umspili í október, í fimbulkulda á Laugar-dalsvöllum.

EM 2009	Áhorfendur
<i>Mótherji</i>	
Frakkland	1.667
Serbía	5.976
Slóvenía	3.922
Grikkland	5.323
Írland	4.729
<b>Meðaltal</b>	<b>4.323</b>

Þessar tölur eru ekki síður merkilegar þegar skoðað er að fyrri aðsóknarmetið á kvennalandsleik var sett þegar 2.974 áhorfendur mættu á leik Íslands og Englands árið 2002. Til samanburðar má einnig nefna að þegar stórlíð Svía lék við Ísland á Laugardalsvöllum í ágúst 2006, í undankeppni HM 2007, mættu 675 áhorfendur. Í tveimur leikjum þar á undan í sömu keppni, gegn Portúgal og Tékklandi, voru áhorfendur um 1.400.

### TÓLFAN LÆTUR MIKIÐ AÐ SÉR KVEÐA

Mikil og jákvæð breyting hefur átt sér stað á stemmningunni á A-landsleikjum karla og kvenna. Stóran þátt í því á stuðningsmannahópur sem kallar sig Tólfuna og hefur fjölmennt á alla leiki A-landsliðanna síðastliðin tvö ár. Tólfan er ekki opinber stuðningsmannahópur á vegum KSÍ, heldur einungis fjölmennur hópur knattspyrnuáhugafólks sem vill leggja sitt af mörkum til að styðja við bakið á landsliðsmönnum okkar.

### LEIKSKRÁR FYRIR A-LANDSLEIKI

Áfram var haldið útgáfu leikskrár fyrir heimaleiki A-landsliða karla og kvenna. Meðal efnis í leikskránum var ávörp formanns og þjálfara, umfjöllun um fyrri viðureignir og eftirminnilegir leikir rifjaðir upp, umfjöllun um landsliðshópa beggja liða og þjálfara, skilaboð frá stuðningsmönnum, og fleira áhugavert og fróðlegt efni. Útgáfan mæltist vel fyrir og var áhugi fyrir leikskránni stigvaxandi með hverjum leik.

### UMGJÖRÐIN BÆTT

Stöðugt og markvisst hefur verið unnið að því að bæta umgjörð landsleikja á Laugardalsvelli og gera upplifun áhorfenda á því að koma á völinn sem jákvæðasta og skemmtilegasta. Meðal þess sem boðið hefur verið upp á er leikskrá fyrir hvern leik (sjá hér á undan), andlitsmálun og fleira skemmtilegt. Þá hafa einnig söngvarar sungið þjóðsöngva beggja liða fyrir leikina og boðið hefur verið upp á tónlistaratriði í hálfleik. Allt hefur þetta mælst vel fyrir og vonandi verður hægt að halda áfram að bæta umgjörðina og gera heimsókn á völinn enn eftirsóknarverðari.

## EIÐUR SMÁRI OG MARGRÉT KNATTSPYRNUFÓLK ÁRSINS

Leikmannaval KSÍ valdi Eið Smára Guðjohnsen og Margréti Láru Viðarsdóttur knattspyrnufólk ársins 2008. Í Leikmannavali KSÍ eru aðallega fyrrverandi landsliðsmenn, þjálfarar og forystumenn í knattspyrnuhreyfingunni.

Eiður Smári var í eldrlínunni á árinu með félagi sínu, spænska stórlíðinu Barcelona. Lið hans hafnaði í 2. sæti spænsku deildarinnar í vor og komst í undanúrslit Meistaradeildar UEFA. Barcelona situr nú á toppi spænsku deildarinnar og hefur borið höfuð og herðar yfir önnur lið það sem af er keppnistímabilinu. Eiður Smári lék 6 landsleiki á árinu og skoraði í þeim 3 mörk. Hann hefur nú skorað 22 mörk í 55 A-landsleikjum og er lang markahæsti leikmaður liðsins frá upphafi. Eiður Smári er frábær fulltrúi íslenskrar knattspyrnu.

Margrét Lára Viðarsdóttir var að venju lykilmaður í liði Íslandsmeistara Vals sem og í íslenska kvennalandsliðinu, sem tryggði sér sæti í lokakeppni EM 2009. Hún skoraði 32 mörk í Landsbankadeildinni og var markahæsti leikmaður deildarinnar fimmta árið í röð og var markahæsti leikmaður undankeppni EM 2009. Margrét Lára lék í öllum 11 landsleikjum Íslands á árinu, skoraði í þeim 14 mörk og hefur því skorað 43 mörk í 46 landsleikjum fyrir A-landslið kvenna. Margrét Lára er frábær fulltrúi íslenskrar knattspyrnu.

## SAMIÐ VIÐ LANDSLIÐSÞJÁLFAFA

Í desember var gengið frá tveggja ára samningum við nokkra landsliðsþjálfara. Bæði er um endurráðningar að ræða sem og að gengið hefur verið til samninga við nýja landsliðsþjálfara. Allir þessir

samningar eru til tveggja ára. Þeir Ólafur Jóhannesson, þjálfari A landsliðs karla og Ólafur Þór Guðbjörnsson þjálfari U19 kvenna, eiga enn eftir eitt ár af sínum samningi.

### A landslið kvenna

Sigurður Ragnar Eyjólfsson hefur verið endurráðinn landsliðsþjálfari A kvenna og Guðni Kjartansson sem hans aðstoðarmaður. Sigurður Ragnar tók við A landsliði kvenna í desember 2006 og var Guðni ráðinn hans aðstoðarmaður. Saman tókst þeim að koma liðinu í úrslitakeppni EM kvenna sem fram fer í Finnlandi 2009. Sigurður, sem starfar einnig sem fræðslustjóri KSÍ, lauk á síðasta ári UEFA Pro námskeiði hjá enska knattspyrnu-sambandinu og er annar Íslendingurinn er hefur slíka gráðu. Guðni þjálfaði A landslið karla 1980-1981 og í einum leik árið 1989. Hann þjálfaði einnig U19 landslið karla frá 1992 til 2006.

### U17 kvenna

Þorlákur Árnason hefur verið ráðinn landsliðsþjálfari U17 kvenna og tekur við af Krístrúnu Lilju Daðadóttur. Þorlákur hefur m.a. þjálfað meistaraflokka karla hjá Val, Fylki og Stjórnunni ásamt því að hafa þjálfað fjölda yngri flokka. Hann er núverandi yfirþjálfari yngri flokka hjá Stjórnunni í Garðabæ.

### U16 karla

Freyr Sverrisson hefur verið endurráðinn sem þjálfari hjá U16 karla og mun halda áfram sem skólustjóri Knattspyrnuskóla KSÍ. Freyr hefur mikla reynslu í þjálfun ungmenna og er einnig yfirþjálfari yngri flokka hjá Haukum.

### U17 karla

Gunnar Guðmundsson hefur verið ráðinn landsliðsþjálfari U17 karla og tekur þar við af Luka Kostic. Gunnar hefur þjálfað m.a. hjá Leikni Fáskrúðsfirði og Leiftri/Dalvík áður en hann tók við HK árið 2004 og þjálfaði liðið til 2008. Gunnar fór m.a. með HK upp í

efstu deild karla í fyrsta skiptið í sögu félagsins.

### U19 karla

Kristinn R. Jónsson hefur verið endurráðinn landsliðsþjálfari U19 karla, en hann tók við því starfi í desember 2006. Kristinn hafði áður m.a. þjálfað meistaraflokka karla hjá ÍBV og Fram ásamt því að hafa gegnt starfi yfirþjálfara hjá Fjölni.

### U21 karla

Eyjólfur Sverrisson hefur verið ráðinn landsliðsþjálfari U21 karla en hann þjálfaði það lið einnig á árunum 2003-2005. Hann tekur við því starfi af Luka Kostic. Eyjólfur átti farsælan atvinnumannaférl og lék í Þýskalandi og Tyrklandi á árunum 1990 til 2003 þegar hann lagði skóna á hilluna. Eyjólfur lék 66 leiki fyrir landslið Íslands og var fyrirliði í 19 þeirra. Hann var landsliðsþjálfari A landsliðs karla á árunum 2005-2007.

•••••

## EVROPULEIKIR FÉLAGSLIÐA

### MEISTARADEILD UEFA

Íslandsmeistarar Vals féllu úr keppni í 1. umferð forkeppni Meistaradeildar UEFA. Mótherjar Valsara, BATE Borisov frá Hvíta-Rússlandi, reyndust vera mjög sterkir og höfðu FH-ingar beðið lægri hlut fyrir þessu sama liði í 2. umferð forkeppninnar árið áður. Fyrri leikur Vals og BATE fór fram ytra og þar höfðu heimamenn betur, 2-0. Þegar BATE náði forystunni á fyrstu mínútu seinni leiksins, að Hlíðarenda, varð ljóst að róður Valsmanna yrði þungur, enda þurftu þeir þá að skora fjögur mörk til að komast áfram. Hvorugu liðinu tókst hins vegar að skora það sem eftir lifði leiks og því komust Hvít-Rússarnir áfram. Þess má geta að

BATE fór alla leið í riðlakeppni Meistaradeildarinnar og stóð sig þar með miklum sóma gegn liðum eins og Juventus og Real Madrid.

## UEFA-BIKARINN

Skagamenn léku gegn finnska liðinu Honka í 1. umferð forkeppninnar og gerðu sér mjög erfitt fyrir með því að tapa fyrri leiknum 0-3. Í síðari leiknum, sem fram fór á Akranesvelli, sýndu Skagapiltar að þeir áttu í fullu tré við Finnana og komust í 2-0 í upphafi seinni hálfleiks. Eitt mark til viðbótar hefði jafnað stöðuna samanlagt, en eftir stöðuga sókn ÍA skorðu gestirnir þegar um 20 mínútur lifðu leiksins og gerðu þar með út um viðureignina.

FH-ingar byrjuðu ekki vel í Kaplakrika gegn Grevenmacher frá Lúxemborg og áhorfendum var brugðið þegar gestirnir voru búnir að skora tvö fyrstu mörk leiksins á stuttum kafla um miðbik fyrri hálfleiks. Liðsmenn FH bitu hins vegar í skjaldarrendur, minnkuðu muninn fyrir hlé, bættu við tveimur mörkum í seinni hálfleik og löguðu þannig stöðuna verulega fyrir síðari leikinn, sem fram fór á Þjóðarleikvanginum í Lúxemborg. Heimamenn áttu aldrei möguleika gegn sprækum FH-ingum, sem unnu 5-1 stórsigur. Þetta var í fyrsta sinn sem íslenskt félaglið skorar fimm mörk í útileik í Evrópukeppni og jafnframt stærsti sigur íslensks félagliðs á útivelli í Evrópukeppni.

Mótherjar FH í 2. umferð forkeppninnar voru ekki af verri endanum, enska úrvalsdeildarliðið Aston Villa. FH-ingar léku glimrandi fína knattspyrnu í báðum leikjunum og gátu borið höfuðið hátt, þrátt fyrir 1-4 tap í fyrri leiknum, fyrir framan 8.686 áhorfendum á Laugardalsvelli. Frábær frammistaða í síðari leiknum, á

Villa Park í Birmingham, vakti mikla athygli, og úrslit leiksins, 1-1 jafntefli, voru nokkuð sanngjörn, þó FH hafi reyndar verið nær sigri. Frábær frammistaða FH-inga, en Evrópuævintýrinu var þó lokið í bili.

## INTERTOTO-KEPPNIN

Fylkismenn léku í Intertoto-keppninni fyrir Íslands hönd að þessu sinni. Þetta var í síðasta sinn sem þessi keppni fór fram, en hún hefur nú verið lögð niður og felld inn í UEFA-bikarinn, sem mun frá og með næsta keppnistímabili heita Evrópudeild UEFA (UEFA Europa League). Fylkir mætti FK Riga frá Lettlandi í 1. umferð keppninnar í ár og náðu góðri stöðu eftir 2-1 sigur í fyrri leiknum, sem fram fór í Riga. Fylkismenn fóru hins vegar illa að ráði sínu í seinni leiknum, sem fram fór á Laugardalsvelli, töpuðu með tveimur mörkum gegn engu og féllu þar með úr leik.

## FYRIRKOMULAGI EVRÓPUKEPPNA BREYTT

UEFA hefur ákveðið að breyta fyrirkomulagi Evrópukeppnanna og íslensk lið unnu sér inn þátttökurétt á keppnistímabilinu 2008 sem hér segir:

*Forkeppni Meistaradeildar UEFA:*

1 félag - Íslandsmeistari

*Forkeppni Evrópukeildar UEFA:*

3 félög - VISA-bikarmeistari og lið nr. 2 og 3 í Landsbankadeildinni.

Ef Íslandsmeistari er einnig VISA-bikarmeistari þá fer lið nr. 2 í bikarkeppninni í forkeppni Evrópukeildar UEFA. Ef VISA-bikarmeistari er einnig í 2. eða 3. sæti í Landsbankadeildinni fer liðið í 4. sæti í Evrópukeildina.

Þær þrjár þjóðir sem verða eftar í háttvísimati UEFA fá eitt sæti hver

í Evrópukeildinni, en áður var það þannig að efsta þjóðin hlaut aukasæti og svo var dregið á milli þeirra þjóða sem voru með yfir 8,0 í einkunn. Ef Ísland verður á meðal þriggja efstu þjóðanna bætist því við eitt sæti í Evrópukeildinni.

## VALUR LAGÐI NSÍ

Íslandsmeistararnir 2007, Valsmenn, mættu Færeyjameisturum sama árs, NSÍ, í Kórnum í apríl. Valsmenn unnu þar öruggan 5-2 sigur. Þessi leikur Íslandsmeistara og Færeyjameistara var árlegur viðburður árin 2002-2006, en fór ekki fram árið 2007.

## UEFA-BIKAR KVENNA

Íslandsmeistarar Vals, sem léku undanriðil sinn í Slóvakíu höfðu mikla yfirburði yfir önnur lið. Fyrsti leikurinn var gegn Cardiff frá Wales og vannst hann 8-1. Næstu mótherjar voru heimamenn í Slovan Duslo Sala, sem Valur lagði 6-2. Loks var ísraelska liðið Maccabi Holon lagt að velli, 9-0. Fullt hús stiga og markatalan 23-3.

Í milliriðlum eru mótherjarnir iðulega mun sterkari en í undanriðlum. Milliriðillinn sem Valsstúlkur léku í fór fram hjá Umeå í Svíþjóð, sem leikur á gervigrasi. Fyrstu mótherjar Vals voru einmitt heimamenn í Umeå, sem hafa á að skipa einu sterkasta félagliði heims, og unnu þeir 5-1 sigur á Íslandsmeisturunum. Næsti leikur var því algjör úrslitaleikur fyrir Val, gegn ítalska liðinu Bardolino, sem fyrirfram var einmitt talið það lið sem myndi berjast við Val um 2. sæti riðilsins. Ítalirnir höfðu betur, 3-2 í hörkuleik, og því var ljóst að Valur væri úr leik, þó svo að einn leikur væri eftir. Lið Alma frá Kasakstan reyndist ekki eiga roð í Val, sem vann 8-0 stórsigur.

**MEISTARADEILD KVENNA  
HEFST 2009**

Framkvæmdastjórn UEFA hefur ákveðið að breyta nafni og fyrirkomulagi á Evrópukeppni félagsliða kvenna. Frá og með næsta ári mun keppnin heita Meistaradeild kvenna. Ennfremur verður sú breyting gerð að einungis verður leikin ein umferð í riðlakeppni í stað tveggja áður. Þau félög sem komast áfram úr riðlakeppninni munu svo fara í 32-liða úrslit þar sem leikið verður með útsláttarfyrirkomulagi heima og heiman. Þá verður einnig sú breyting á að einungis verður einn úrslitaleikur á hlutlausum velli í stað tveggja áður, en leikið er til úrslita heima og heiman eftir núverandi fyrirkomulagi. Úrslitaleikurinn fer fram í tengslum við úrslitaleik Meistaradeildar karla og verður leikinn tveimur dögum áður í sömu borg. Fyrsti úrslitaleikurinn í Meistaradeild kvenna mun því fara fram í Madrid á Spáni, fimmtudaginn 20. maí 2010.

**VÍÐIR Á EM  
FÉLAGSLIÐA Í FUTSAL**

Víðir úr Garði tók þátt í EM félagsliða í Futsal í ágúst, fyrst íslenskra liða og var fjallað sérstaklega um þátttöku Víðis á vefsíðu UEFA. Riðill Víðismanna fór fram í Roubaix í Frakklandi og í honum voru, auk Víðis, Politechnik Yerevan frá Armeníu, gestgjafarnir Roubaix Futsal, og kypverska liðið FC Parnassos. Víðismenn töpuðu fyrsta leiknum naumlega 3-4, gegn armenska liðinu. Næst kom skellur gegn sterku liði heimamanna í Roubaix, 9-2. Loks kom 6-11 tap gegn FC Parnassos, í hörkuleik þar sem Kypverjarnir skoruðu grimmt í lokin. Evrópuævintýri Víðis, frumherja íslenskra félagsliða á vettvangi Futsal, var því á enda að þessu sinni.

**MANNVIRKJAMÁL**

**NÝ OG GLÆSILEG  
MANNVIRKI**

Valsmenn léku á árinu sína fyrstu leiki á nýjum og glæsilegum leikvangi að Hlíðarenda, Vodafonevöllinum. Ný stúka við Kópavogsvöll var einnig formlega opnuð. Bæði þessi mannvirki eru hin glæsilegustu og bjóða upp á frábæra aðstöðu fyrir áhorfendur og fjölmiðla. Aðstaðan býður þess utan upp á góða möguleika til þjónustu við vallargesti. Í Þorlákshöfn er í byggingu nýr leikvangur með stúku og sætum fyrir áhorfendur. Á Akureyri á félagssvæði Þórs og við Kaplakrika í Hafnarfirði standa yfir miklar framkvæmdir sem munu skila sér í frábærri aðstöðu á báðum þessum svæðum.

**ÚTHLUTAÐ ÚR MANN-  
VIRKJASJÓÐI Í FYRSTA SINN**

Í janúar 2008 var settur á laggirnar mannvirkjasjóður, sem er ætlað að styðja við nýframkvæmdir knattspyrnumannvirki til þess að skapa iðkendum, stjórnendum, áhorfendum og öðrum sem besta aðstöðu. Gert er ráð fyrir að Mannvirkjasjóður KSÍ muni á árunum 2008-2011 úthluta 200 milljónum króna til aðildarféлага og nýtur hann stuðnings ríkisvaldsins sem veitti 15 milljónum króna í sjóðinn á árinu 2008. Auglýst var eftir umsóknum í sjóðinn fyrir árið 2008 á vef KSÍ og með dreifibréfum til aðildarféлага þar sem reglugerð um Mannvirkjasjóð KSÍ var kynnt. Alls bárust 9 umsóknir og samþykkti stjórn KSÍ úthlutun úr sjóðnum til 7 aðildarféлага, samtals að upphæð 36 milljónir króna í framkvæmdir þar sem heildarkostnaður er áætlaður um 825 milljónir króna. Neðangreind aðildarfélög fengu styrk, sem er

greiddur út að loknum framkvæmdum viðkomandi verkefnis.

Umsókn	Verkefni	Styrkur
Fjarðabyggð	Völlur og aðstaða	2 mkr.
Grótta	Stúka og vallarhús	8 mkr.
Keflavík	Vallarhús/búningsaðst.	5 mkr.
Reynir S.	Stúka og vallarhús	8 mkr.
Sindri	Vallaraðstaða	2 mkr.
Þór	Völlur og aðstaða	10 mkr.
Ægir	Aðalleikvangur	1 mkr.

**23 GERVIGRASVELLIR Í  
FULLRI STÆRÐ**

Á landinu eru 16 gervigrasvellir utandyra í fullri keppnisstærð og 7 knattspyrnuhallir með keppnisvöllum í fullri stærð. Þetta gerir alls 23 velli í fullri keppnisstærð.

Knattspyrnuhús með keppnisvöllum í fullri stærð:

Akranes	Akraneshöllin
Akureyri	Boginn
Reykjanesbær	Reykjaneshöllin
Kópavogur	Fífan Kórinn
Fjarðabyggð	Fjarðabyggðarhöllin
Reykjavík	Egilshöll

Gervrasvellir utanhúss með keppnisvöllum í fullri stærð:

Fljótsdalshérað	Fellavöllur
Fjarðabyggð	Neskaupstaðarvöllur
Garðabær	Stjörnuvöllur
Hafnarfjörður	Ásvellir
Ísafjörður	Torfnesvöllur
Kópavogur	Fagrilundur
Mosfellsbær	Varmárvöllur
Reykjavík	Þróttarvöllur Leiknisvöllur ÍR-völlur Við Egilshöll Framvöllur Fyllkivöllur KR-völlur
Árborg	Selfossvöllur
Seltjarnarnes	Gróttuvöllur

**SPARKVALLAVERKEFNIÐ**

Sparkvallaverkefni KSÍ lauk á árinu með byggingu 11 sparkvalla, sem ekki tókst að ljúka haustið 2007 vegna veðurfars. Alls voru byggðir 112 sparkvellir á fimm árum með þessu umfangsmikla og

jákvæða verkefni sem vakið hefur verðskuldaða athygli.

## KNATTSPYRNUHÚSUM FJÖLGAR

Enn fjölgar knattspyrnuhúsum á landinu. Í Grindavík er risið knattspyrnuhús með velli í hálfri stærð og í Vestmannaeyjum mun rísa knattspyrnuhús með velli í hálfri stærð, með möguleika á stækkun í fulla stærð. Þessar framkvæmdir gjörbylta að sjálfsögðu allri aðstöðu til æfinga í þessum bæjarfélögum.

•••••

## FRÆÐSLA OG ÚTBREIÐSLA

### NÁMSKEIÐAHALD

Algjör metþátttaka var á námskeiðum KSÍ á þessu starfsári. Haldin voru 18 þjálfaranámskeið á árinu en fimm þeirra fóru fram á landsbyggðinni. KSÍ hefur aldrei haldið fleiri námskeið á einu ári, en árið 2004 voru haldin 14 námskeið svo það met var slegið hressilega. Fjöldi námskeiða í boði jókst um 73% frá því í fyrra. Á námskeiðin mættu alls 563 þjálfarar en það er um 90% aukning frá fyrra ári og 37% aukning frá fjölmennasta árinu frá upphafi. Alls hafa 295 þjálfarar lokið við KSÍ-B gráðuna og 88 þjálfarar hafa lokið við KSÍ-A gráðuna. Staðan á menntun þjálfara á Íslandi er því mjög góð.

Í júní var haldið grasrótarnámskeið fyrir þjálfara þar sem félög sem starfrækja knattspyrnuskóla voru sérstaklega hvött til að senda leiðbeinendur og þjálfara skólanna á námskeiðið. 33 þátttakendur voru á námskeiðinu sem fram fór í höfuðstöðvum KSÍ. Unnið var eftir

námsskrá UEFA um grasrótarnámskeið fyrir þjálfara.

### PRO LICENCE ÞJÁLFAVARÉTTINDI

Sigurður Ragnar Eyjólfsson, þjálfari A-landsliðs kvenna og fræðslustjóri KSÍ, útskrifaðist í júlí með Pro Licence þjálfaragráðu. Sigurður Ragnar sat námskeiðið hjá enska knattspyrnusambandinu, en Pro Licence gráðan er hæsta þjálfaramenntun sem í boði er innan Evrópu og gefur réttindi til að stjórna liðum í öllum deildum innan Evrópu. Sigurður Ragnar er annar Íslendingurinn sem útskrifast með þessa gráðu, en fyrstur var Teitur Þórðarson.

Mikilvægur áfangi náðist undir lok ársins 2008 þegar enska knattspyrnusambandið samþykkti að KSÍ gæti sent tvær umsóknir fyrir íslenska þjálfara á UEFA Pro þjálfaranámskeið þar í landi. Kynningarfundur fyrir þjálfara um umsóknarferlið og námskeiðið var haldinn í desember. Í kjölfarið sóttu 4 þjálfarar um og fræðslunefnd ákvað að mæla með þeim Willum Þór Þórssyni þjálfara Vals og Þorvaldi Örlygssyni þjálfara Fram.

### NÝR BÆKLINGUR FYRIR FORELDRA

KSÍ, Alþjóðahús og Landsbankinn gáfu út nýjan foreldrabækling. Bæklingurinn hafði áður verið gefinn út á íslensku en að þessu sinni var hann gefinn út á fjórum tungumálum - íslensku, ensku, pólsku og spænsku. Markmið útgáfunnar er að kveikja áhuga barna af erlendum uppruna á því að stunda knattspyrnu og auðvelda foreldrum þeirra aðgang að foreldrastarfi félaganna.

### FRÆDSLUPERKEFNI UEFA

KSÍ tók þátt í stóru fræðsluverkefni á vegum UEFA sem nefnist *UEFA study group scheme*. Verkefnið snýst um að gefa hópum þjálfara tækifæri á að kynna ólíkum þáttum knattspyrnunnar í öðrum löndum Evrópu. Verkefnið heldur áfram næstu 4 árin og verða 3-4 ferðir farnar á hverju ári með hópa þjálfara. Tvær ferðir voru farnar á árinu 2008. Tíu þjálfarar yngri flokka hjá félögum á landsbyggðinni fóru og kynntu sér þjálfun yngri flokka hjá svissneska knattspyrnusambandinu. Þá var 10 þjálfurum úr Landsbankadeild kvenna ásamt Ólafi Guðbjörnssyni U19 landsliðsþjálfara kvenna boðið til finnska knattspyrnusambandsins að kynna sér knattspyrnu kvenna í Finnlandi.

### STYRKIR KSÍ TIL FRÆDSLUMÁLA

KSÍ hóf að veita styrki til fræðslumála á þessu ári og er styrkurinn í formi farseðils á áfangastað Ícelandair. Alls verða 10-12 styrkir veittir árlega til þeirra sem vilja sækja sér fræðslu erlendis. Fjórir styrkir voru veittir á árinu 2008. Sigurður Þórir Þorsteinsson og Ómar Jóhannsson frá KBÍ hlutu styrk til að fara á ráðstefnu evrópska knattspyrnuþjálfarafélagsins í Frankfurt. Eysteinn Húni Hauksson, þjálfari yngri flokka hjá Grindavík, hlaut styrk til að kynna sér þjálfun yngri flokka og aðalliðs West Ham. Þórarinn Einar Engilbertsson, yfirþjálfari yngri flokka kvenna hjá Haukum, hlaut styrk til að fara á alþjóðlegt þjálfaranámskeið hjá hollenska knattspyrnusambandinu. Ragnar Haukur Hauksson, þjálfari meistaraflokks karla hjá KS/Leiftri, hlaut styrk til að kynna sér þjálfun hjá Bolton Wanderers.

## KNATTSPYRNUFÓLK FRAMTÍÐARINNAR

Knattspyrnuskólar drengja og stúlkna fóru að venju fram að Laugarvatni. Hjá drengjunum fór skólinn fram dagana 16.-20. júní en hann sóttu samtals 44 drengir. Freyr Sverrisson var skólastjóri og honum til aðstoðar Guðjón V. Guðjónsson. Skóli stúlkanna fór fram dagana 9.-13. júní og sóttu hann 34 stúlkur. Kristrún Lilja Daðadóttir og Íris Björk Eysteinsdóttir höfðu umsjón með stúlkunum og Kristín Arnþórsdóttir var þeim til aðstoðar. Þekktir þjálfarar og leikmenn komu í heimsókn í knattspyrnuskólana að vanda.

## GRASRÓTARSÁTTMÁLINN

Í janúar var staðfest aðild KSÍ að Grasnótarsáttmála UEFA. Alls eru 30 þjóðir aðilar að sáttmálanum af 53 aðildarþjóðum UEFA. Sáttmálinn er í fimm þrepum (stjörnum) og geta aðildarþjóðirnar bætt við sig stjörnum eftir viðmiðunum frá UEFA. Allar nýjar þjóðir í sáttmálanum byrja með eina stjörnu. Grasnótarsarf getur verið af margvíslegum toga og eru það aðildarfélög KSÍ sem bera þungann af þessu starfi með margvíslegum hætti í hreyfingunni. UEFA tilnefndi Timo Huttenen frá Finnlandi sem sérstakan ráðgjafa varðandi umsókn KSÍ um fleiri grasnótarsstjórnur, skv. grasnótarsáttmála UEFA. Alls eru 5 stjórnur í sáttmálanum. Í desember var staðfest að KSÍ hefði hlotið tvær stjórnur til viðbótar þeirri er úthlutað var við undirritun sáttmálans og jafnframt hefur stefnan verið tekin að fá þær tvær stjórnur sem eftir eru fyrir árslok.

## VIÐURKENNINGAR FYRIR GRASRÓTARSTARF

Þróttur í Reykjavík hlaut sérstaka viðurkenningu fyrir besta grasnótarsviðburð ársins 2008, Rey Cup mótið, sem hefur um árabil verið haldið með miklum glæsibrag. Knattspyrnufélag ÍA, Akranesi fékk viðurkenningu fyrir grasnótarsviðburð ársins hjá fötluðum vegna knattspyrnumóts Special Olympics í Akraneshöll og undirbúning að knattspyrnuæfingum fyrir fatlaða sem hefjast eftir áramótin 08/09. ÍR fékk viðurkenningu fyrir Drottningarmótið í eldri flokki, en mótið er fyrir konur á besta aldri. Þá fékk Víðir viðurkenningu sem fyrsta íslenska félagið til að taka þátt í Evrópukeppni í Futsal.

## ÆFINGAR FYRIR FATLAÐA

Haldnar voru fjórar æfingar fyrir fatlaða í samstarfi við ÍF. Þrjár æfingar fóru fram í Reykjavík og ein á Akureyri. Landsliðsmennirnir Edda Garðarsdóttir, Ásta Árnadóttir og Rakel Hönnadóttir mættu á æfingarnar í Reykjavík og á Akureyri mættu Ólafur Jóhannesson landsliðsþjálfari, Rakel Hönnadóttir og Gunnleifur Gunnleifsson og vakti það mikla lukku þátttakendanna og foreldra þeirra.

## ÚTBREIÐSLUVERKEFNI

Grasnótarsfulltrúar Landsbankadeildarfélaga mættu á æfingar á Ísafirði og Akureyri ásamt því að mæta á verðlaunaafhendingar. Luka Kostic fór til Húsavíkur og fór með þjálfurum Völsungs til Raufarhafnar, Þórshafnar og í Lund í Öxarfirði, þar sem settar voru upp æfingar fyrir krakkana á stöðunum. Hverfamiðstöðin í Breiðholti stóð einnig fyrir knattspyrnuæfingum fyrir krakka sem stunda ekki knattspyrnu að staðaldri og mætti Luka Kostic á æfingu hjá þeim.

Luka Kostic fór til margra félaga vítt og breitt um landið og hélt marga fyrirlestra sem tókust vel.

•••••

## ANNAÐ

### NÝIR SAMNINGAR VIÐ SPORTFIVE

KSÍ og Sportfive undirrituðu í janúar 2008 samning sem fól í sér kaup Sportfive á útsendingarrétti og markaðsrétti frá íslenskri knattspyrnu fyrir árin 2010 og 2011. Í desember 2008 var síðan undirritaður samningur fyrir árin 2012 til 2015.

Núverandi fjögurra ára samningur við Sportfive, sem rennur út í árslok 2009, gefur íslenskri knattspyrnuhreyfingu um 500 milljónir króna. Áætlað er að samningarnir fyrir árin 2010-2015 geti skilað knattspyrnuhreyfingunni allt að tveimur milljörðum króna.

### HALLDÓR B. SÆMDUR HEIÐURSKROSSI KSÍ

Halldór B. Jónsson, fyrrverandi varaformaður KSÍ, var sæmdur heiðurskrossi KSÍ í desember, á 60 ára afmæli sínu. Halldór hefur starfað ötullega innan knattspyrnuhreyfingunnar, fyrst sem formaður knattspyrnudeildar Fram og síðar innan KSÍ. Þar gegndi hann fjölmörgum trúnaðarstörfum, var varaformaður KSÍ, formaður móta- nefndar og formaður dómara- nefndar til margra ára svo eitthvað sé nefnt. Heiðurskrossinn veitist aðeins undir alveg sérstökum kringumstæðum þeim mönnum, sem unnið hafa knattspyrnu- íþróttinni ómetanlegt gagn.



## 10 BESTU

Stöð 2 Sport, í samvinnu við KSÍ, framleiddi sjónvarpsþætti um 10 bestu knattspyrnumenn Íslands frá 1946-2008. Þættirnir voru sýndir frá maí til loka júlí. Sjö manna dómnefnd valdi tuttugu leikmenn og gat almenningur kosið um það hvaða tíu leikmenn yrðu þess heiðurs aðnjótandi að fá heilan sjónvarpsþátt um sig. Í október var síðan haldin galaveisla í höfuðstöðvum KSÍ þar sem tilkynnt var um val á besta knattspyrnumannii Íslands frá upphafi. Sá sem hlaut heiðurinn var Eyjamaðurinn Ásgeir Sigurvinsson, sem átti langan og gæfuríkan atvinnumannuferil með Standard Liege í Belgíu og Stuttgart í Þýskalandi.

## AFMÆLISFÉLÖG

Nokkur aðildarfélög átta stórafmæli á árinu. Reykjavíkurfélögin Fram og Víkingur fögnuðu 100 ára afmælum sínum. KA á Akureyri hélt upp á 80 ára afmæli sitt, sem og Víkingur í Ólafsvík. KSÍ heiðraði fjölmarga félagsmenn félaganna af þessu tilefni.

## DAGUR KNATTSPYRNU KVENNA

Á ársþingi KSÍ 2008 var samþykkt jafnréttisáætlun KSÍ og í framhaldi af því var skipað í framkvæmdanefnd um jafnréttisáætlun. Meðal þess sem nefndin beitti sér fyrir á árinu var dagur knattspyrnu kvenna sem haldinn var þann 21. júní í tengslum við landsleik Íslands og Slóveníu í Evrópukeppni kvennalandsliða, en dagur knattspyrnu kvenna er hluti af jafnréttisáætlun KSÍ. Tilgangurinn með þessum degi var að vekja athygli á knattspyrnu kvenna og hvetja ungar stelpur til þess að stunda íþróttina. Þá beitti nefndin sér fyrir veitingu jafnréttisviður-

kenningar KSÍ, sem veita skal einstaklingi eða félagi sem hefur unnið framúrskarandi starf á sviði jafnréttismála innan íslenskrar knattspyrnu og/eða stuðlað að framgangi jafnréttis í íslenskri knattspyrnu. Þessi verðlaun tengjast ekki eingöngu jafnrétti kynjanna heldur jafnrétti í víðasta skilningi.

## Á MEÐAL FJÖLSÓTTUSTU VEFJA LANDSINS

Vefur KSÍ er án vafa einn af vinsælustu og fjölsóttustu upplýsingavefjum landsins. Notkunarmöguleikar ksi.is verða sífellt fleiri og stöðugt er unnið að endurbótum til að bregðast enn betur við upplýsingaleit notenda. Eins og gefur að skilja er umferð um vefinn þyngst yfir sumartímann og fara heimsóknir þá vel á annað hundrað þúsund í hverjum mánuði.

Fyrsti vefur KSÍ var opnaður í maí 2000 og sá vefur sem nú er í notkun hefur staðið síðan í maí 2005. Almenn er "líftími" vefsíðna 3-5 ár og því rétt að fara að huga að vinnu við nýjan vef.

Til stóð að opna nýjan myndavef á árinu 2008, en sú vinna hefur tafist nokkuð og vonast er til að hægt verði að opna myndavefinn fyrri part árs 2009. Nýi myndavefurinn mun veita knattspyrnuháhugafólki auðveldan aðgang að myndasafni KSÍ, sem telur tugþúsundir mynda frá ýmsum skeiðum íslenskrar knattspyrnusögu.

Á ksi.is er að finna gríðarlega mikið af upplýsingum um alla meginþætti í starfsemi KSÍ, öll mót á vegum KSÍ, KRR-mót, Faxaflóamót, félagaskipti, leikmannasamninga, alla landsleiki og landsliðsmenn frá upphafi, öll eyðublöð, lög og reglugerðir, upplýsingar um leyfiskerfið, fræðslumál og margt fleira. Allar upplýsingar sem skráðar eru í mótakerfi KSÍ upp-

færast sjálfkrafa á vefnum og er áhugasömum þannig gert kleift að fylgjast grannt með öllu sem gerist.

Hægt er að skoða alla landsleiki Íslands frá upphafi á vefnum, auk úrslita annarra leikja í undankeppnum stórmóta og stöðutafna, og unnið er að því að færa úrslit allra leikja í mótum meistaraflokka í mótakerfið, þannig að hægt verði að skoða úrslit og stöðutöflur aftur í tímann á vefnum. Lokið hefur verið skráningu á öllum leikskýrslum í öllum landsliðum kvenna frá upphafi og stefnt er að því að ljúka sömu vinnu fyrir karlalandsliðin sem allra fyrst.

Aðildarfélög sjá um að skrá úrslit og leikskýrslur úr heimaleikjum sínum í gegnum aðgang sinn að vefnum.

## LEYFISUMSÆKJENDUR RÍFLEGA TVÖFALDAST

Gríðarleg vinna hefur verið lögð í leyfiskerfið hér á landi og hefur Ísland verið í fararbroddi á meðal aðildarþjóða UEFA í innleiðingu kerfisins frá byrjun þess, en kerfið var innleitt hér á landi fyrir keppnistímabilið 2003. Aldrei áður hafa jafn mörg félagslið undirgengist leyfiskerfið á Íslandi og fyrir keppnistímabilið 2008, en kerfið nær nú til tveggja efstu deilda karla, alls 24 félaga, og hefur heildarfjöldi félaga sem undirgangast kerfið því ríflega tvöfaldast frá fyrsta árinu.

Sjötta leyfisferlinu lauk um miðjan mars 2008 með ákvörðunum leyfisráðs varðandi leyfisumsóknir félaga í Landsbankadeild karla og 1. deild karla. Leyfisráð samþykkti þáttökuleyfi 2008 til handa öllum umsækjendum í Landsbankadeild og 1. deild, þ.e. 24 félögum. Félögin urðu öll að uppfylla þær kröfur sem settar eru fram í leyfishandbók KSÍ. Í handbókinni

er lýst leyfisveitingaferlinu og þeim lágmarkskröfum sem félög verða að mæta á 5 sviðum sem snúa m.a. að knattspyrnulegu uppeldi leikmanna, æfingaaðstöðu, menntun þjálfara, aðstöðu áhorfenda og fjölmiðla, og síðast en ekki síst í fjármálum. Kröfurnar sem gerðar eru til félaga í 1. deild eru að grunni þær sömu, en eru að hluta til lægri en í Landsbankadeild. Félag sem undirgangast leyfiskerfið í fyrsta sinn fá eins árs aðlögunartíma.

Með leyfisumsókn fyrir 2008 þurfti m.a. að fylgja ársreikningur með fullri áritun endurskoðanda, auk staðfestinga á því að engin vanskil væru hjá viðkomandi félagi við leikmenn og aðra starfsmenn, eða vegna félagaskipta. Sum félög sóttu um frest til aðlögunar vegna væntanlegra mannvirkjaframkvæmda við velli, t.d. aðstöðu fyrir áhorfendur, og var sá frestur veittur gegn því að lögð væri fram áætlun um framkvæmdir og staðfesting á því að framkvæmdum yrði lokið innan setts tímaramma. Fimmtán af félögunum 24 fengu þátttökuleyfi án athugasemda. Tvö félög fengu þátttökuleyfi með fyrirvara vegna mannvirkjaframkvæmda. Þrjú félög fengu viðvaranir þar sem forsenda um aðstoðarþjálfara var ekki uppfyllt og eitt þessara þriggja félaga var einnig beitt dagsektum vegna dráttar á skilum á fjárhagslegum gögnum. Eitt félag var beitt sektum vegna verulegs dráttar á skilum á fjárhagslegum gögnum. Þrjú félög undirgengust leyfiskerfið í fyrsta sinn og voru því á eins árs aðlögun, en rétt er að geta þess að ekkert þeirra hefði fengið þátttökuleyfi 2008 ef leyfisumsóknir þeirra hefðu verið teknar fyrir af fullum þunga.

### GÆÐAVOTTUN Á LEYFISKERFI KSÍ

Um miðjan október fór fram viðtækt gæðamat á skipulagi

leyfiskerfis KSÍ og því starfi sem unnið er við rekstur þess. Matið er framkvæmt árlega af fulltrúum SGS, sem er alþjóðlegt vottunarfyrirtæki og sér um gæðamat á leyfiskerfum fyrir UEFA í aðildarlöndum sambandsins. Fulltrúar SGS skoða ekki eingöngu skipulag og vinnuferli leyfisstjórnar KSÍ, heldur eru gögn nokkurra félaga valin af handahófi og skoðuð í þaula, til að tryggja að vinnubrögð KSÍ og félaganna séu í fullnægjandi gæðum, og að þau séu samkvæmt leyfishandbók KSÍ og gæðastaðli UEFA. Gæðavottun SGS á leyfiskerfi KSÍ var staðfest án athugasemda að þessu sinni.

### FIFA INNLEIÐIR LEYFISKERFI

Í kjölfar jákvæðrar reynslu UEFA hefur FIFA ákveðið að innleiða leyfiskerfi í öllum aðildarlöndum sínum. Álfusamböndin í Afríku (CAF), Asíu (AFC), Eyjaálfu (OFC), Norður-Ameríku (CONCACAF) og Suður-Ameríku (CONMEBOL) munu innleiða leyfiskerfið í sínum aðildarlöndum eigi síðar en árin 2010-2011. Leyfiskerfi FIFA byggir að verulegu leyti á því leyfiskerfi sem UEFA hefur starfrækt síðan 2003. Þessi ákvörðun FIFA sýnir enn betur þann ávinning og þau jákvæðu áhrif sem leyfiskerfi UEFA hefur haft á starfsumhverfi knattspyrnufélaga í Evrópu.

### STARFSHÓPAR SKIPAÐIR

Stjórn KSÍ samþykkti á fundi sínum á vordögum að skipa starfshóp um ímyndarmál. Hlutverk hópsins var að skoða ímyndarmál KSÍ gagnvart ýmsum aðilum (aðildarfélögum, fjölmiðlum og almenningi) og gera áætlun um framkvæmdir í kjölfarið. Í starfshópnum sitja Ásthildur Helgadóttir, Gary Wake, Gunnar Steinn

Pálsson, Gunnlaugur Þráinsson, Ómar Smáráson, Róbert Agnarsson, Rútur Snorrason og Þórir Hákonarson.

Þá samþykkti stjórn KSÍ á fundi sínum í júní að skipa starfshóp til þess að fjalla um ábyrga framkomu aðila innan vébanda KSÍ í fjölmiðlum. Starfshópnum er ætlað að kynna sér stöðu þessara mála í nágrennalöndum með það í huga hvort setja beri reglur um viðtöl, breyta beri refsiramma o.fl. Í starfshópnum sitja Lúðvík S. Georgsson, Þórarinn Gunnarsson, Stefán Geir Þórisson og Þórir Hákonarson.

### TRÚNAÐARSTÖRF HJÁ UEFA OG FIFA

Geir Þorsteinsson, formaður KSÍ, er einn varaformanna í Leikvanga- og öryggisnefnd UEFA, og er hann jafnframt í skipulagsnefnd á vegum FIFA fyrir Heimsmeistarakeppni U20 landsliða karla sem fram fer í Egyptalandi 2009. Lúðvík Georgsson er í Leyfisnefnd UEFA, Guðrún Inga Sívertsen, gjaldkeri KSÍ, er í nefnd UEFA um kvennaknattspyrnu og loks er Þórir Hákonarson, framkvæmdastjóri KSÍ, í fjölmiðlanefnd UEFA. Viðar Halldórsson er fulltrúi Íslands í samtökum evrópskra knattspyrnufélaga (European Club Association - ECA), en þau samtök voru sett á laggirnar í janúar 2008 og hafa það hlutverk að gæta hagsmuna knattspyrnufélaganna innan UEFA. KSÍ hefur kappkostað að vera virkt í innra starfi hjá UEFA og FIFA og er þessi nefndarskipan viðurkenning á því starfi.

KSÍ á einnig fulltrúa á meðal eftirlitsmanna og dómaraeftirlitsmanna UEFA. Klara Bjartmarz, Guðmundur Pétursson, Ellert B. Schram og Geir Þorsteinsson starfa sem eftirlitsmenn á ýmsum leikjum

á vegum UEFA, en Egill Már Markússon, Sigurður Hannesson og Ingi Jónsson starfa sem dómaraeftirlitsmenn. Þá mun Eyjólfur Ólafsson bætast í hóp dómaraeftirlitsmanna á árinu 2009.

## ÍÐKENDUM FJÖLGAR NOKKUÐ MILLI ÁRA

Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands tekur árlega saman tölfræði yfir íðkendur hjá sérsamböndunum og eru sem fyrr langflestir íðkendur hjá KSÍ. Tölur sem birtar eru í árslok 2008 eru fyrir árið 2007. Skráðum íðkendum í knattspyrnu fjölgar nokkuð milli ára og voru íðkendur árið 2007 um 18.600 talsins og er það fjölgun frá árinu á undan, en þá voru knattspyrnuíðkendur skráðir um 17.500. Geta má þess að í tölum ÍSÍ er ekki tekið tillit til þeirra fjölmörgu íðkenda sem leika í utandeildum, eða þeim sem leika t.d. hádegis- eða kvöldbolta með vinum og kunningjum, þ.e. unga jafnt sem aldna sem leika knattspyrnu eingöngu sér til skemmtunar og heilsubótar. Í tölum ÍSÍ er einungis um að ræða skráða íðkendur hjá íþróttafélögunum sem stunda knattspyrnu á vegum þeirra.

## SAMTÖK KNATTSPYRNUMANNA STOFNUÐ

Samtök knattspyrnumanna er heiti á samtökum sem leikmenn í Landsbankadeild karla stofnuðu formlega í febrúar. Tilgangur samtakanna er að taka til umfjöllunar málefni sem snúa að réttindum félagsmanna, vera málsvari félagsmanna í ýmsum málum sem eru í umræðunni, efla fræðslu til félagsmanna um réttindi þeirra, samningsrétt, tryggingamál og tengd atriði.

## SAGA BIKARKEPPNI KSÍ RITUÐ

Sumarið 2009 verður leikið í bikarkeppni KSÍ í fimmtugasta skiptið og verður þeirra tímamóta minnst með ýmsum hætti. Skapti Hallgrímsson, blaðamaður, hefur tekið að sér að skrifa sögu bikarkeppninnar og hefur hann farið þess á leit við félög og félagsmenn að þeir aðstoði við heimildaöflun.

## KÆRUR - ÚRSKURÐIR

Alls tók aga- og úrskurðarnefnd fyrir 16 kærur á árinu. Eins og svo oft áður var í flestum tilfellum um að ræða mál sem komu upp vegna gruns kæranda um ólöglega skipuð lið eða ólöglega leikmenn.

Víðir kærði ÍBV vegna leiks í undanúrslitum Íslandsmóts mfl. karla í Futsal, þar sem Víðir taldi að lið ÍBV hefði verið ólöglega skipað. Aga- og úrskurðarnefnd féllst á kröfur Víðis og úrskurðaði félaginu 3-0 sigur í leiknum. Auk þess var ÍBV gert að greiða sekt. Þetta þýddi að aftur þurfti að leika úrslitaleikinn í mótinu.

Valur kærði KR vegna leiks í Reykjavíkurmóti mfl. karla, þar sem Valur taldi að lið KR hefði verið ólöglega skipað. Aga- og úrskurðarnefnd féllst ekki á kröfur Vals og úrskurðaði að úrslit leiksins skyldu standa óbreytt. Valur áfrýjaði úrskurðinum, en áfrýjunardómstóllinn staðfesti fyrri úrskurð.

Höttur lagði fram kæru gegn KSÍ vegna niðurröðunar í deildarkeppni Íslandsmóts 2. flokks karla. Aga- og úrskurðarnefnd úrskurðaði að niðurröðun væri í samræmi við reglur og skyldi standa óhögguð. Höttur áfrýjaði úrskurðinum, en áfrýjunardómstóllinn staðfesti fyrri úrskurð.

Grundarfjörður kærði Snæfell vegna leiks í VISA-bikar mfl. karla, þar sem Grundarfjörður taldi að lið Snæfells hefði skipt of mörgum leikmönnum inn á í leiknum. Nefndin féllst á kröfur Grundarfjarðar og úrskurðaði félaginu 3-0 sigur í leiknum. Auk þess var Snæfelli gert að greiða sekt.

Þróttur Vogum kærði Hamrana/Vini vegna leiks í 3. deild Íslandsmóts meistaraflokks karla, þar sem Þróttur V. taldi að þjálfari Hamranna/Vina, sem átti að vera í leikbanni í leiknum, hefði brotið gegn leikbanninu. Nefndin féllst ekki á kröfur Þróttar V. og úrskurðaði að úrslit leiksins skyldu standa óhögguð.

KFG kærði Hamrana/Vini vegna leiks í 3. deild Íslandsmóts meistaraflokks karla, þar sem KFG taldi að lið Hamranna/Vina hefði verið ólöglega skipað. Aga- og úrskurðarnefnd féllst ekki á kröfur KFG og úrskurðaði að úrslit leiksins skyldu standa óbreytt.

Fylkir kærði KR vegna leiks í Íslandsmóti B-liða 3. flokks karla, þar sem Fylkir taldi að lið KR hefði verið ólöglega skipað. Aga- og úrskurðarnefnd féllst á kröfur Fylkis og úrskurðaði félaginu 3-0 sigur í leiknum. Auk þess var KR gert að greiða sekt.

Hrunamenn kærðu Gnúpverja vegna leiks í Íslandsmóti 7 manna liða 4. flokks karla, þar sem Hrunamenn töldu lið Gnúpverja hafa verið ólöglega skipað. Aga- og úrskurðarnefnd féllst á kröfur Hrunamanna og úrskurðaði þeim 3-0 sigur í leiknum.

Fjölnir kærði Stjörnuna vegna framkvæmdar leiks í VISA-bikar 2. flokks karla. Aga- og úrskurðarnefnd féllst ekki á kröfur Fjölnis og úrskurðaði að úrslitin skyldu standa óhögguð.

Snæfellsnes kærði Hauka vegna leiks í Íslandsmóti B-liða 5. flokks kvenna, þar sem Snæfellsnes taldi að lið Hauka hefði verið ólöglega skipað. Aga- og úrskurðarnefnd féllst á kröfur kæranda og úrskurðaði félaginu 3-0 sigur í leiknum. Auk þess var Haukum gert að greiða sekt.

KR kærði HK/Ými vegna leiks í Íslandsmóti U23-liða karla, þar sem KR taldi að lið HK/Ýmis hefði verið ólöglega skipað. Aga- og úrskurðarnefnd féllst á kröfur KR og úrskurðaði félaginu 3-0 sigur í leiknum. Auk þess var kærða gert að greiða sekt.

Hamar lagði fram kæru gegn KSÍ vegna höfnunar KSÍ á félagaskiptum leikmanns til Hamars. Aga- og úrskurðarnefnd úrskurðaði að KSÍ hefði með réttu hafnað félagaskiptunum þar sem leikmaðurinn hafði þegar leikið með tveimur félögum á keppnistímabilinu.

Hvöt kærði KA vegna leiks í Íslandsmóti 7 manna liða 4. flokks kvenna, þar sem Hvöt taldi að lið KA hefði verið ólöglega skipað. Aga- og úrskurðarnefnd féllst á kröfur Hvatar og úrskurðaði félaginu 3-0 sigur í leiknum. Auk þess var KA gert að greiða sekt.

Víðir/Reynir kærði Leikni R. vegna leiks í Íslandsmóti 7 manna liða 4. flokks kvenna, þar sem kærandi taldi að lið Leiknis R. hefði verið ólöglega skipað. Nefndin féllst á kröfur Víðis/Reynis og úrskurðaði félaginu 3-0 sigur í leiknum. Auk þess var kærða gert að greiða sekt.

KR kærði Val vegna leiks í Íslandsmóti U23-liða karla, þar sem KR taldi að lið Vals hefði verið ólöglega skipað. Aga- og úrskurðarnefnd féllst á kröfur KR og úrskurðaði félaginu 3-0 sigur í leiknum. Auk þess var Val gert að greiða sekt.

Tindastóll kærði ÍH vegna leiks í 2. deild Íslandsmóts meistaraflokks karla, þar sem Tindastóll taldi að þjálfari ÍH, sem átti að vera í leikbanni í leiknum, hefði brotið gegn leikbanninu. Aga- og úrskurðarnefnd féllst á kröfur Tindastóls og úrskurðaði félaginu 3-0 sigur í leiknum. Auk þess var ÍH gert að greiða sekt. ÍH áfrýjaði, en áfrýjunardómstóll KSÍ staðfesti fyrri úrskurð. ÍH áfrýjaði þá til áfrýjunardómstóls ÍSÍ, sem vísaði málinu frá.

Aga- og úrskurðarnefnd úrskurðaði leikmann ÍA í tímabundið leikbann þar sem viðkomandi leikmaður var ekki gjaldgengur í leik með 2. flokki kvenna vegna aldurs. ÍA áfrýjaði og áfrýjunardómstóllinn aflétti leikbanninu.

### SAMSTARFSADILAR KSÍ

KSÍ er í samstarfi við sjö fyrirtæki undir yfirskriftinni *Alltaf í boltanum með KSÍ*. KSÍ ákvað að tengja slagorðið *Alltaf í boltanum* við starfsemi sína, en það lýsir vel því hugarfari sem einkennir allt starfið. Samningar þessir, sem gerðir voru árið 2006, eru til fjögurra ára og fela í sér í aðalatriðum að fyrirtækin sjö eru sýnileg í allri starfsemi KSÍ.

Fyrirtæki þessi eru:

- Coca-Cola (Vífelfell)
- Icelandair
- Íslenskar getraunir
- Landsbankinn
- Mastercard
- Vodafone
- VÍS

Þá átti KSÍ samstarf við Guðmund Jónasson, Gott fólk, Ísspor, Icelandair Hotels (Flugleiðahótel), Heklu, Miða.is, Errea (Safalinn) og fleiri þjónustufyrirtæki.

### SAMNINGUR VIÐ ERREA FRAMLENGDUR

KSÍ framlengdi í janúar samning sinn við ítalska íþróttavöruframleiðandann Errea, sem staðið hefur síðan 2002, og munu landslið Íslands leika í búningum frá fyrirtækinu næstu 4 árin. Samningurinn nær yfir búnað og búninga á öll landslið Íslands og er umtalsvert hagstæðari en fyrri samningur. Nýr landsliðsbúningur var svo kynntur til sögunnar fyrir landsleiki haustsins. Það er heildverslunin Safalinn sem er með umboð fyrir Errea hér á Íslandi.

### NÝR SAMNINGUR VIÐ FLUGLEIÐAHÓTEL EHF

Í mars var undirritaður samningur á milli KSÍ og Flugleiðahótela ehf. (Icelandair Hotels) um gistingu fyrir landslið Íslands og aðra gistingu á vegum KSÍ. Í samningum felst m.a. að A-landslið Íslands munu framvegis gista á Hilton Hótelu og önnur landslið á Hótel Loftleiðum eða öðrum hótélum á vegum Flugleiðahótela.

•••••

### FJÁRMÁL

#### STÓRAUKIN FRAMLÖG TIL ÍSLENSKRA FÉLAGSLIÐA

Stjórn KSÍ hefur brugðist við gjörbreyttum aðstæðum í íslensku efnahagsumhverfi með því að stórauka fjárframlög til aðildarféлага sinna.

UEFA lagði KSÍ til um 34 m.kr. vegna barna- og unglिंगastarfs á árinu 2008 og ákvað stjórn KSÍ að leggja til um 36 milljónir til viðbótar þannig að heildarframlag árið 2008 var um 70 milljónir króna. Með stórauknu framlagi til barna- og unglिंगastarfs vill KSÍ

standa vörð um hið mikilvæga uppeldisstarf aðildarfélaganna.

Viðbótarframlag KSÍ til félaga í Landsbankadeild karla vegna sjónvarps- og markaðssamnings við Sportfive og verðlaunafjár í Landsbankadeild karla og VISA-bikar karla nam á árinu 2008 um 14 m.kr. Þá samþykkti stjórnin að samningar vegna árána 2010-2015 leiði til aukins fjármagns til aðildarfélaganna strax á árinu 2009.

KSÍ ákvað að taka yfir ferða- og upphaldskostnað dómara fyrir árið 2009 í öllum deildum beggja kynja og í leikjum VISA-bikarsins. Þar með er ljóst að niður falla öll gjöld í jöfnunarsjóði sem gerð er krafa um í þátttökutilkynningum mfl. á komandi tímabili, sem og allar slíkar greiðslur til dómara af hálfu aðildarféлага á vettvangi í þeim keppnum þar sem það fyrirkomulag hefur verið viðhaft.

### STYRKUR TIL LEYFISUMSÆKJENDA

Stjórn KSÍ ákvað á fundi sínum í apríl að greiða öllum félögum sem undirgengust leyfiskerfi KSÍ fyrir keppnistímabilið 2008, alls 24 félögum, styrk fyrir vinnu við undirbúning leyfisumsókna sinna. Ákveðið var að greiða hverju félagi í Landsbankadeild karla og 1. deild karla 250 þúsund krónur. Í janúar 2009 ákvað stjórnin síðan að hækka framlagið í 500 þúsund krónur á hvert félag vegna leyfisumsókna fyrir keppnistímabilið 2009, sem greiðist í tveimur hlutum.

### 14,4 MILLJÓNIR KRÓNA Í VERÐLAUNAFÉ

Í lok keppnistímabilsins fengu félög greiddar 14,4 m.kr. í verðlaunafé fyrir árangur í Landsbankadeild og VISA-bikar. Auk þess fengu félögin í Landsbanka-

deild karla sérstakar greiðslur fyrir sjónvarps- og markaðsréttindi.

#### Landsbankadeild karla

Sæti	Félag	Upphæð
1	FH	1.000.000
2	Keflavík	700.000
3	Fram	500.000
4	KR	300.000
5	Valur	300.000
6	Fjölirnir	300.000
7	Grindavík	300.000
8	Breiðablik	300.000
9	Fylkir	200.000
10	Próttur R.	200.000
11	HK	200.000
12	ÍA	200.000
		<b>4.500.000</b>

#### VISA-bikar karla

Sæti	Félag	Upphæð
1	KR	1.000.000
2	Fjölirnir	500.000
3-4	Breiðablik	300.000
3-4	Fylkir	300.000
5-8	Grindavík	200.000
5-8	Haukar	200.000
5-8	Keflavík	200.000
5-8	Víkingur R.	200.000
9-16	FH	100.000
9-16	Fram	100.000
9-16	Hamar	100.000
9-16	HK	100.000
9-16	ÍBV	100.000
9-16	Reynir S.	100.000
9-16	Valur	100.000
9-16	Víðir	100.000
		<b>3.700.000</b>

#### Landsbankadeild kvenna

Sæti	Félag	Upphæð
1	Valur	1.000.000
2	KR	700.000
3	Breiðablik	500.000
4	Þór/KA	300.000
5	Stjarnan	300.000
6	Afturelding	300.000
7	Fylkir	300.000
8	Keflavík	300.000
9	HK/Víkingur	200.000
10	Fjölirnir	200.000
		<b>4.100.000</b>

#### VISA-bikar kvenna

Sæti	Félag	Upphæð
1	KR	1.000.000
2	Valur	500.000
3-4	Stjarnan	300.000
3-4	Breiðablik	300.000
		<b>2.100.000</b>

### AUKINN KOSTNAÐUR VEGNA DÓMGÆSLU

Útgjöld KSÍ vegna dómgaeslu 2008 voru 49,2 m.kr, en þar af greiddu félögin um 12,7 m.kr vegna ferða og upphalds dómara. Stærsti liðurinn að venju var launagreiðslur til dómara, eða 25,1 m.kr. Hér er um verulega hækkun að ræða, en árið 2007 var þessi upphæð 20,5 m.kr. Til viðbótar kom til kostnaður að upphæð 3,7 m.kr. vegna eftirlitsmanna KSÍ á leikjum.

### TRAUST STAÐA ÞRÁTT FYRIR MIKIÐ GENGISTAP

Rekstrartekjur KSÍ á árinu 2008 námu um 942 milljónum króna samanborið við 434 milljónir króna á árinu 2007. Aukningin skýrist af stóru auknum tekjum erlendis frá. Rekstrarkostnaður sambandsins er nánast á áætlun nema hvað varðar kostnað við landslið, þá aðallega A-landslið karla og kvenna sem var töluvert hærri heldur en áætlanir gerðu ráð fyrir enda verkefni þeirra bæði fleiri og kostnaðarsamari vegna veikingu íslensku krónunnar.

Rekstrarhagnaður ársins nemur 279 milljónum króna en áætlanir gerðu ráð fyrir 25 milljón króna tapi. Hagnaður KSÍ fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld nemur 214 milljónum króna en áætlanir gerðu ráð fyrir 59 milljón króna tapi. Erlend lán sem tekin voru vegna byggingarframkvæmda á Laugar-dalsvelli reyndust KSÍ erfið á rekstrarárinu og er gjaldfært gengistap vegna þeirra um 389 milljónir króna. Tap ársins 2008 varð því um 163 milljónir króna.

Þrátt fyrir hið mikla gengistap er staða KSÍ traust um áramót, lausafjárstaða betri en nokkru sinni fyrr, handbært fé tæpar 650 milljónir króna og eigið fé 184 milljónir krón

